

Sumar 2018

AKUREYRI



KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS


Velkomin norður

Eflum norðlenska verslun



GLERÁRTORG
MEÐ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT
FYRIR SUMARIÐ,
LÁTTU SJÁ ÞIG

Glerártorg verslunarmiðstöð | Akureyri | www.glerartorg.is



GLERÁRTORG

-af lífi & sál-

Aðsókn að Björböðunum frammar björtustu vonum



■ Erlendir gestir hafa haft á orði að Björböðin séu meðal þess eftirminnlegasta í Íslandsheimsókninni.

„Aðsóknin hefur verið meiri en við reiknuðum með og frammar björtustu vonum. Við erum því alsæl með þetta fyrsta ár í rekstri Björbaðanna. Gestir okkar eru blanda af erlendum ferðamönnum og Íslendingum og við finnum að fólk þykir alveg einstök upplifun að dvelja hér og njóta. Enda er staðurinn einstakur hér á landi og ekkert þessu líkt að finna á öllum Norðurlöndunum,“ segir Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Björbaðanna á Árskógssandi sem fögnuðu eins árs afmæli nú í byrjun júní.

Agnes, Ólafur Ólafsson, eiginmaður hennar og fjölskylda, sem standa að rekstri Björbaðanna og Bruggsmiðjunnar á Árskógssandi, hafa fyrir löngu sannað að hægt er að láta nýsköpun og frumlegar hugmyndir verða að veruleika á Íslandi en Bruggsmiðjuna stofnuðu þau árið 2006 og hafa síðan framleitt bjórinn Kalda. Bruggsmiðjan var fyrsta handverksbrugghúsið á Íslandi og hefur bjórinn Kaldi alla tíð notið mikilla vinsælda. Hann er nú framleiddur í fimm tegundum.

Björböðin holl fyrir húðina

Hugmyndin að Björböðunum var sótt til Tékklands, líkt og hugmyndin að Kalda bjórnum á sínum tíma. Um að ræða sannkallaða heilsulind. Byggt var nýtt sérhannað hús fyrir starfseminna og í því eru hin eiginlegu björböð sem eru tveggja manna viðarker, sérsmiðuð úr Kambalavið frá Ghana. Kerin eru í lokuðum klefum, eitt í hverjum klefa, og er badvatnið af nota-



■ Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Björbaðanna og Bruggsmiðjunnar.

legum hita, blanda af hreinu vatni úr Sólarfjalli ofan Björbaðanna SPA, humlum úr Kalda bjórnum, ungum bjór og svonefndu „bruggarageri“. Gerið er próteinríkt og inniheldur nánast allan B-vítamín skalann sem gerir húðinni mjög gott. Humlarnir hafa einnig góð áhrif á sýrustigi líkamans og eru ríkir af andoxunarefnum. Gestirnir eru í baðinu í 25 mínútur og geta á meðan bragðað á Kalda-bjórnum að vild en svo er þeim fylgt í slökunarherbergi þar sem þeir hvílast í aðrar 25 mínútur. Þar ná flestir að sofna og fá hina fullkomnu hvíld.

Í Björböðunum SPA er einnig



■ Landsliðsryrliðið Aron Einar Gunnarsson hefur vafalítið þurft bað í átökunum á HM í Rússlandi en örugglega ekki neitt í líkingu við það sem hann kynntist í Björböðunum!



■ Hvíldarherbergi Björbaðanna. Nauðsynlegt er að loknu baði að láta líða úr sér og hverfa um stund inn í draumalandið.



■ Í veitingasalnum. Þar fást ýmsir smáréttir og vitanlega Kaldi.

hægt að fara í gufubað og í heitan pott utan dyra og njóta einstaks útsýnis yfir hafið og fjöllin við Eyjafjörð. Í veitingasal Björbaðanna SPA er lögð áhersla á bjórtengdar veitingar og að sjálfsögðu er nýr og ferskur Kaldi bjór alltaf í boði.

Hápunktur Íslandsheimsóknarinnar

„Við höfum heyrt erlenda gesti okkar tala um að heimsókn í Björböðin hafi verið það eftirminnlegasta í Íslandsheimsókninni. Fyrir utan björbaðið sjálft þá talar fólk mikið um þá upplifun að vera í

heitu pottunum hér fyrir utan og hafa þetta einstaka útsýni norður Eyjafjörð og á fjallahringinn. Það er marga sem gerir staðinn einstakan,“ segir Agnes en auk þess að laða til sín fjölda ferðamanna hafa Björböðin notið vinsælda Íslendinga, bæði ferðafólks og t.d meðal starfsmannahópa fyrirtækja.

„Björböðin og Bruggsmiðjan tvinnast mjög vel saman því fólk skoðar verksmiðjuna líka í heimsókninni til okkar og kynnir sér framleiðsluna. Bruggsmiðjan hefur gengið mjög vel frá byrjun og má segja að við hverja stækkun hennar og aukna framleiðslugetu þá hafi

salan aukist þannig að við keyrum verksmiðjuna fullum afköstum. Og nýjasti áfangi okkar á því sviði er að belgískur tripel bjór frá Bruggsmiðjunni var valinn besti bjór á Bjórhátíðinni á Hólum sem haldin var á dögum. Okkur þykir alltaf vænt um allar slíkar viðurkenningar frá bjórunnendum,“ segir Agnes og býður landsmenn velkomna í böð og bjór á Árskógssandi í sumar.

Opið er í Björböðunum SPA alla daga kl. 10-22 í sumar.

bjorbodin.is

bruggsmidjan.is



Útgefandi: Ritform ehf. í samvinnu við Kaupmannafélag Akureyrar og Akureyrarstofu.

Útgáfustjóri: Valþór Hlökkversson.

Rittstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson, (ábm).

Umsjón, textavinnsla og umbrot: Ritform ehf.

Forsíðumynd: Þórhallur Jónsson / Pedromyndir

Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir. GSM 898-8022, inga@athygli.is

Prentun og dreifing:

Prentað í Landsprenti. Dreift með prentaðri útgáfu Morgunblaðsins. Dreift til allra heimila á Akureyri í júlí 2018.



OPIÐ

8-24

ALLA DAGA

Á AKUREYRI

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Halla Björk Reynisdóttir forseti bæjarstjórnar Akureyrar

Tækifærið til að Akureyri verði höfuðborg norðursins er núna

„Ég hef óbilandi trú á Akureyri og held að við séum núna á þeim stað að það sé að hrökkva eða stökkva. Á næstu árum munum við leggja mikla áherslu á Akureyri sem vænlegan búsetukost, ekki síst fyrir ungt fólk og barnafólk. Við þurfum að fjölga íbúum Akureyrar. Til að svo megi verða þurfum við að búa vel að börnum, bæði hvað varðar dagvistun og grunnskóla og eins þurfa samgöngur að vera í lagi,“ segir Halla Björk Reynisdóttir oddviti L-listans og nýr forseti bæjarstjórnar Akureyrar. Halla Björk vill stefna að því að því að íbúum Akureyrar fjölgi um 4 til 5 þúsund á næsta kjörtímabili og að þeir verði í kringum 25 þúsund manns. Þeir er nú tæplega 19 þúsund talsins.

Halla Björk fæddist á Akureyri en flutti fimm ára gömul með foreldrum sínum, Halldóru Helgadóttur og Reyni Adolffssyni til Ísafjarðar og lauk grunnskólagöngu sinni þar í bæ. „Ég tók þátt í öllu sem í boði var á Ísafirði á þessum árum, var í skátunum, lærði á píanó í tónlistarskólanum, æfði skíði og fótbolta og var bara alveg þokkaleg í öllu,“ rifjar hún upp. Þegar hún fullorðnaðist fullorðnaðist tók hún til hendinni og vann í fiski eða við ýmis störf tengd veitinga-geiranum.

Flugumferðarstjórn skemmtileg og krefjandi

Halla Björk kaus að stunda framhaldsskólánám við Menntaskólann á Akureyri og lauk stúdentsprófi árið 1988. Hún var þá þegar byrjuð í einkaflugmannsnámi og segir að frá unga aldri hafi hún haft áhuga fyrir flugi.

Faðir hennar var umdæmisstjóri Flugfélags Íslands á Ísafirði og samgöngumál, eða kannski öllu heldur skortur á góðum samgöngum, oft til umræðu á heimilinu. Eftir stúdentsprófið hélt Halla Björk til Reykjavíkur og lauk atvinnuflugmannsprófi. Hún gerði gott betur en það því á þeim árum kynntist hún eiginmanni sínum, Preben Péturssyni og fyrsta dóttirin af þremur fæddist. Halla Björk ákvað síðan að skella sér í nám í flugumferðarstjórn og lauk því árið 1998. „Þetta er skemmtilegt starf og krefjandi, en það sem ég hef einna helst saknað við starfið hér á Akureyri er félagslega hlið þess. Við erum bara ein á vakt hverju sinni í turninum,“ segir hún og það ásamt því að hafa brennandi áhuga fyrir samfélaginu varð upphaflega til þess að ákvörðun var tekin um að skella sér af krafti í stjórnmálin.

Eldskírni

Halla Björk fékk sína eldskírni í bæjarpólitíkinnni á kjörtímabilinu 2010 til 2014. L-listinn náði hreinum meirihluta í bæjarstjórn sem aldrei áður hafði gerst í akureyskri bæjarpólitík og innanborðs voru margir nýliðar. Efnahagshrunið fám misserum fyrr setti mark sitt á reksturinn sem var þungur og niðurskurðarhnifur á lofti nánast út kjörtímabilið.

„Það kannski vildi okkur til happs að þetta var kraftmikill hópur fólks sem vildi láta til sín taka. Vissulega hefði maður kosid að aðstæður hefðu verið aðrar en eftir á að hyggja gerðum við margt ágætlega og markmiðið var að hlífa þjónustunni af fremsta megni,“ segir hún. Sem dæmi um verkefni

sem hún er ánægð með eftir tímabilið nefnir hún lagningu Dalsbrautar og stofnun Menningarfélags Akureyrar þar sem rekstur m.a. Leikfélags, Sinfóníuhljómsveitar og Hofs var sameinaður.

Fjögurra ára fri og lét svo slag standa á ný

„Mig langaði í sjálfu sér alveg að halda áfram, en sá líka í hillingum fri og fleiri stundir með fjölskyldunni og það var niðurstaðan. Ég tók mér fjögurra ára hlé frá pólitíkinni og fylgdist varla með nokkrum hlut fyrsta árið. En svo kom áhuginn aftur og fór vaxandi þannig að nú í vor var ég meira en tilbúin að láta slag standa og sjá hvort fyrri reynsla mín nýttist ekki til góðs fyrir samfélagið,“ segir Halla Björk.

Framundan eru eins og ævinlega fjölmörg verkefni að takast á við. Eitt þeirra, verðugt verkefni og metnaðarfullt, er að kynna bæinn sem vænlegan kost fyrir fólk að búa í en Halla Björk segir að með því að á Akureyri búi um 25 þúsund manns muni bærinn standa undir nafni sem höfuðborg norðursins. „Tækifærið er núna og við ætlum okkur að grípa það,“ segir hún. Með fleiri íbúum aukist tekjur og þannig sé hægt að standa undir m.a. öflugri velferðarþjónustu, reksturinn verði almennt sjálfbærari.

Góðar samgöngur hluti af lífsgæðum

„Til að fá fólk til að flytja í bæinn þarf grunnþjónustan að vera í lagi, dagvistunarmál og grunnskólarnir sem dæmi. Fólk gerir kröfu um að geta þegar á þarf að halda nýtt sér þjónustu af því tagi og eins eru góðar

samgöngur hluti af lífsgæðum íbúanna. Því þurfum við að vinna af krafti að því að koma á reglubundnu millilandaflugi til og frá Akureyri og bjóða upp á tengiflug tvisvar á dag allan ársins hring. Það styrkir að auki ferðarþjónustu á svæðinu. Stundum er talað um að Ísland sé uppselt en langur vegur er frá að slík fullyrðing eigi við um Norðurland. Það er til mikils að vinna,“ segir hún.

Hvað dagvistarmálin varðar segir Halla Björk að nú í haust verði gaumgæfilega farið yfir stöðuna og tillögur mótaðar. Um áramót á að liggja fyrir aðgerðaráætlun sem unnið verði eftir í framhaldinu.

Góð tilfinning fyrir kjörtímabilinu

Næga atvinnu er að hafa á Akureyri, húsnaðismálin eru í þokkalegu horfi, fjöldi íbúða í byggingu og lóðir ávallt tiltækar, ýmsir þéttingarreitir eru til reiðu og þá er óbyggt svæði í norðvesturhluta Síðuhverfis svo dæmi sé tekið. Uppbygging í Hagahverfi stendur nú sem hæst og nýjar íbúðir í boði þar. „Akureyri er vissulega landlítið sveitarfélag en enn er nægt framboð lóða undir íbúðarbyggingar. Í nánustu framtíð sé ég fyrir mér að við þurfum að eiga samtal við nággranna okkar, sunnan og norðan megin,“ segir hún.

„Ég hef góða tilfinningu fyrir kjörtímabilinu og hlakka til að takast á við þau verkefni sem okkar bíða. Meirihlutinn er að slípast saman. Það er nokkuð um nýtt fólk og við erum að kynnast en mikill hugur í fólki að vinna bænum sem allra best á næstu fjórum árum.“

■ „Ég hef óbilandi trú á Akureyri og held að við séum núna á þeim stað að það sé að hrökkva eða stökkva. Á næstu árum munum við leggja mikla áherslu á Akureyri sem vænlegan búsetukost, ekki síst fyrir ungt fólk og barnafólk. Við þurfum að fjölga íbúum Akureyrar,“ segir Halla Björk Reynisdóttir forseti Bæjarstjórnar Akureyrar.



LÚXUS HÚS & STUDIÓÍBÚÐIR



HÆSTU EINKUNN Í 4 ÁR

SAMKVÆMT TRIPADVISOR



SÆLUHÚS
AKUREYRI HOTEL

Sunnutröð 2 / www.saeluhus.is / info@saeluhus.is / Sími 412 0800

Norðlendingar sólgnir í Volvo

Sala á Volvo-bílum hjá Brimborg á Akureyri hefur verið mjög góð það sem af er ári, enda um að ræða „flaggskipið“ í þeim tegundum bifreiða sem Brimborg selur.

„Á fyrstu fjórum mánuðum ársins var söluaukning Volvo á Íslandi 77% miðað við sömu mánuði í fyrra og er Volvo með 29,6% hlutdeild á lúxusbílamarkaðnum. Viðskiptavinir Brimborgar hér á Akureyri hafa verið mjög áhugasamir um nýju Volvo bílana eins og mörg undanfarin ár og eiga því sinn þátt í góðu gengi þeirra á íslenska markaðnum um þessar mundir,“ segir Jón Árelíus Þorvaldsson hjá Brimborg Akureyri.

Nýr borgarjeppeingur Volvo slær í gegn

Jón Árelíus segir að þó Volvo hafi notið vinsælda hjá kaupendum í gegnum árin þá er þessi nýja lína hjá Volvo og frábært verð að slá í gegn. „Enn ein rósín frá Volvo í hnappagatið er borgarjeppeingurinn XC40 sem við kynntum í lok mars og höfum við þegar afhent fyrstu eintökin af honum. Hann hefur slegið algjörlega í gegn á heimsvísu og hefur Volvo þurft að auka framleiðsluna til að hafa undan eins og með XC60 bílinn. Síðan eru XC90 bílarnir einnig að seljast vel og til að mynda afhentum við hér á Akureyri í vor nýjan Volvo XC90 Excellence sem er sá allra glæsilegasti sem við höfum flutt

inn. Spurn eftir Volvo er það mikil í dag að kaupendur sem panta núna þurfa að bíða fram á haustið eftir afhendingu,“ segir Jón Árelíus.

Auk Volvo selur Brimborg nýja bíla frá Ford, Mazda, Citroen og Peugeot. Í boði eru fólksbílur, jeppeingar og atvinnubílur og þar á meðal bíll ársins 2018 á Íslandi að mati Bandalags íslenskra en það er franskur bíllinn Peugeot 3008. „Citroen hefur líka verið að koma með nýjar og spennandi gerðir, m.a. Citroen C4 Kactus sem statar af glænýju fjöðrunarkerfi sem er þess virði að prófa. Síðan má nefna að markaður notaðra bíla hefur líka verið mjög sterkur síðustu vikur þannig að það er mikið líf á öllum sviðum hjá okkur.“

Verðhækkunir nýrra bíla yfirvofandi

Að óbreyttu munu nýir bílar hækka í verði í haust en ástæða þess er nýr staðall sem framleiðendur þurfa taka upp hvað varðar eyðslu bíla og útblástur frá vélum. Verði ekki breytingar gerðar á reglum um vörugjöld við innflutning bíla til landsins leiða þessar breytingar til verðhækkana á bílum.

„Þetta kerfi eiga framleiðendur bíla að hafa tekið upp þann 1. september en þau tilmæli hafa komið fram, m.a. frá Evrópusambandinu, að stjórnvöld í hverju



■ Volvo XC 60 á stóran aðdáendahóp, líkt og aðrir nýir bílar frá Volvo. Það sýna sölutölur glöggt.



■ Jeppeingurinn Volvo XC 40 kom á markað í vor og hefur enga viðdöl hjá umboðinu. Kaupendur bíða í röðum.



■ Jón Árelíus Þorvaldsson við nýja Mazda bíla í sýningarsalnum hjá Brimborg á Akureyri sem afhentir voru nýjum eigendum skömmu síðar. Nýir bílar hafa selst mjög vel hjá Brimborg á Akureyri að undanförunu.

landi bregðist við og geri breytingar á sínum tollflokkum til að sporna gegn verðhækkunum nýrra bíla. Enn sem komið er hefur ekkert komið fram um mótvægiságerðir hér á landi og þetta kann því að leiða til þess að bílar hækki í verði í haust. Enn sem komið er skynja ég þó ekki á viðskiptavinum að þessar breytingar séu að ýta á eftir kaupum á nýjum bílum en það er ekki ólíklegt að svo muni verða í sumar ef fyrirsjáanlegt er að hækkanir gangi eftir. Ef fólk er á annað borð að velja bílakaupum fyrir sér þá hvet ég það til að drífa í viðskiptum frekar en að bíða fram á haustið,“ segir Jón Árelíus.

brimborg.is



Minjasafnið á Akureyri



Gamli bærin Laufás

Fjölskylduvæn söfn



Nonnahús



Davíðshús



MINJASAFNIÐ
Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM



SÓLARHRINGSKORT 24h Pass

Minjasafnið á Akureyri
Nonnahús
Davíðshús
Gamli bærin Laufás

Afsláttur í safnbúð / Discount in the Museum Shop
Gildistími: Eigandi kortis

Sólarhringskort á 4 söfn
Kr. 2.000

minjasafnid.is

SPORTVER

ERT ÞÚ KLÁR Í HLAUPIN?

SIGURJÓN ERNIR STURLUSON ÍÞRÓTTAFRÆÐINGUR OG ULTRA-HLAUPARI MUN HALDA FYRIRLESTUR UM UNDIRBÚNING FYRIR LANGHLAUP OG REYKJAVÍKURMARAFONID

- SPORTVER MIÐVIKUDAGINN 11. JÚLÍ FRÁ KL. 18-20
- FRÁBÆR TILBOÐ Á 2XU AÐ FYRIRLESTRI LOKNUM!
- AÐGANGSEYRIR 1000 KR.



2XU

HUMAN PERFORMANCE. MULTIPLIED.

Fallegur matur bragðast vel

Serena Pedrana er eigandi kaffihússins Orðakaffis í Amtsbókasafninu á Akureyri en þeir sem koma í húsið hafa vart komist hjá því að dragast að litríkum og fallegum kökum og réttum sem þar eru á boðstólum. Serena og eiginmaður hennar, Giacomo Montanelli, hafa búið á Akureyri í þrjú ár og líkar vel við Akureyringa og íslensku veðráttuna. „Ég gæti aldrei búið í Reykjavík. Alltof mikil rigning og skýjað. Það hefði alveg mátt vera meiri sól hér á Akureyri í vor en ég reyni að nota tækifærin til að komast út í sólina þegar þau gefast. Er það ekki þannig með alla á Íslandi?“ spyr Serena brosandí þegar sest er niður með henni á Orðakaffinu. En hvað kemur til að ungt fólk frá Ítalíu er sest að á Akureyri?

Köku- og brauðbakstur sérstakt áhugamál

„Þetta byrjaði þannig að maðurinn minn kom til Íslands til að ferðast um landið árið 2010 og heillaðist mjög af landinu. Hann langaði alltaf að koma aftur og það gerðum við nokkrum árum síðar. Við tókum síðan ákvörðun um að flytja til Akureyrar og hann fór að vinna hér á byrjun sem sjálfbodaliði en ég fór aftur heim til Ítalíu til að ljúka háskólanámi í tungumálum og fluttist síðan hingað til Akureyrar,“ segir Serena en hún er háskólamenntuð í þýsku, ensku og kínversku og segist hafa haft í huga að geta nýtt tungumálakunnáttuna í leiðsögn eða eitthvað slíkt.

Eftir að Serena kom til Akureyrar vann hún um tíma hjá fyrirtækinu Þrif og ræstivörum og segir það hafa verið mjög góðan vinnustað og henni hafi tekist á þeim tíma að læra talsvert í íslenskunni. Svo var það einhvern daginn að hún sá auglýsingu þar sem óskað var eftir rekstraráðila að kaffihúsi á Amtsbókasafninu.

„Mig langaði til að prófa eitthvað nýtt og þetta var algjörlega nýtt fyrir mér. Ég hafði aldrei rekið veitingahús eða gert neitt þessu líkt og það eina sem ég hafði kynnst veitingahúsum var þegar ég vann sem þjónn þegar ég var ung stulka. En ég hef alltaf haft mikinn áhuga á mat, sérstaklega á að baka brauð og kökur þannig að á vissan hátt var draumur að rætast að fá tækifæri til að gera það að arvinnu. Svo að ég sló til og þetta hefur gengið mjög vel,“ segir Serena sem hóf reksturinn í desember árið 2016. Serena leit-



■ Gestir Orðakaffis geta setið úti og notið veitinganna þegar veður leyfir.



■ Serena leggur mikið upp úr því að maturinn líti vel út og hún er hrifin af litadýrð í kökunum.

aði eftir hugmyndum hjá viðskiptavinum að nafni á kaffihúsið og valdi þetta skemmtilega nafn; Orðakaffi. „Mig langaði til að fá nafn á kaffihúsið sem hefði tengingu við bókasafnið og það sem er að gerast hér í húsinu. Orðakaffi finnst mér falla vel að því,“ segir hún.

Snjólett á Akureyri!

Serena og Giacomo keyptu sér íbúð á Eyrinni fljótt eftir að þau komu til Akureyrar og hann vinnur í verksmíðju Becromal á Akureyri, sem er skemmtileg tilviljun þar sem fyrirtækið að baki verksmíðjunni er ítalskt. Bæði eru þau frá Norður-Ítalíu og hún frá Livigno sem er í ítölsku Ölpunum, rétt við landamæri Sviss og Ítalíu. Aðeins er um 15

mínútna akstur yfir til Sviss og svæðið er vinsæll áfangastaður ferðamanna.

„Livigno er í 1.816 metra yfir sjó hæð þannig að ég er alin upp við að hafa fjöllin í kringum mig,“ segir Serena en hún segir veðurfarið á Norður-Ítalíu og á Akureyri líkara en margir halda. „Það er kannski örlítið hlýrra í Livigno á sumrin en á veturna er miklu meiri snjór þar heldur en hér á Akureyri. En það er meiri klaki hér og meiri vindur en ég er vön,“ segir hún.

Litir og góður matur

Serena segir að kaffihúsið Orðakaffi sé með ít-

alskar áherslur í mörgum réttum og hún sækir sínar hugmyndir í matargerðinni í það sem hún þekki best heima á Ítalíu, t.d. í kryddum. Eins og nefnt var í upphafi þarf ekki lengi að skoða úrvalið í kökuborðinu á Orðakaffi til að sjá að Serena leggur áherslu á liti og fallega framsetningu.

„Já, mér finnst gaman að litum og veit að fallegur matur bragðast líka vel. Það er gleði sem fylgir litunum og það sé ég til dæmis þegar börn koma hingað á kaffihúsið. Þeim þykja litríku marenstopparnir mjög spennandi,“ segir Serena og hlær.

Orðakaffi er opið alla virka daga til kl. 17, hlaðborð og réttur dagsins í hádeginu, kökur og kaffi allan daginn. „Auk starfsmanna hér í húsinu eru það fyrst og fremst Íslendingar sem hingað koma en að sjálf-sögðu allir velkomnir að heimsækja okkur og Amtsbókasafnið. Og svo er líka hægt að sitja hér úti á palli bak við hús og njóta veitinganna í sumarsólinni,“ segir Serena.



■ Serena Pedrana fær útrás fyrir köku- og matargerð á litla ítalska kaffihúsinu hennar, Orðakaffi, í Amtsbókasafninu á Akureyri. „Mig langaði til að prófa eitthvað nýtt og þetta var algjörlega nýtt fyrir mér,“ segir hún um það skref að takast á við rekstur kaffihúss.



OKKAR SÝN Á LÚXUS

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus.
Rómaður snertiskjárninn, mögnuð sætin,
há sætisstaðan og einstök veghæðin
endurspeglar sænska natni við smáatriði.
Aflið og mýktin ásamt einstöku öryggi,
Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli
bílahönnuða Volvo.

SJÖ SÆTA
LEDURINNRETTING
VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI
RAFDRIFIN OPNUN Á AFTURHLERA
NÁLÆGDARSKYNJARI AÐ FRAMAN OG AFTAN
VERÐ FRÁ 8.590.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO XC90 AWD



FYRIR TÓMSTUNDIRNAR, FRÍÐ & HEIMILIÐ



Teikniblokk
Verð frá: 399.-



Trélitir Norris Club
24 stk.
Verð: 1.799.-

Tússlitir Triplus
20 stk.
Verð: 4.999.-

ÖLL SUMAR LEIKFÖNG

40%
afsláttur



FERÐAPÚÐAR Í ÚRVALI!

Verð frá: 2.999.-





Hleðslutæki & orkubanki fyrir veggengi
Verð: 9.999.-



vitra.

Toolbox Mauve grey
Verð: 4.748.-



Práðlaus hátalari með bluetooth og hljóðnema
Verð: 9.999.-

vitra.



EAMES Elephant (S)
Verð: 13.420.-

vitra.



vitra.

Rotary Tray svartur
Verð: 6.364.-



Wooden Doll no.11
Verð: 12.900.-



Cubebot (S)
Verð: 2.999.-

vitra.



House Bird svartur
Verð: 19.900.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðs er til og með 1. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



■ Tumi Hrafn Kúld ætlar að læra afbrotufræði samhliða því að spila golf í háskólalíðinu í Norður-Karólínu en stefnan er kristalskýr á atvinnumennsku í golfi í framtíðinni.

Tumi Hrafn heldur út í hinn stóra golfheim

Tumi Hrafn Kúld er 21 árs Akureyringur sem ætlar nú í ágústmánuði að halda vestur til Bandaríkjanna og hefja þar háskólanám samhliða því að æfa og keppa í golfi með háskólalíði í Norður-Karólínu. Tumi Hrafn, sem er tvöfaldur Íslandsmeistari unglunga í golfi, hefur verið meðal efstu manna á Eimskipismótaröðinni í sumar og segir markmið sitt alveg skýrt um að gerast atvinnumaður í golfi. Til þess þurfi hann að leggja á sig mikla vinnu, blóð, svita og tár á næstu árum. „Það er svolítið skrítn tilfinning að það sé nánast komið að því að fara til Bandaríkjanna eftir mikinn undirbúning í nærri tvö ár. En að sama skapi líka mikil tilhlökkun,“ segir hann.

Stolt foreldranna gleymist seint

Tumi Hrafn hlær við þegar hann er spurður hvort hann hafi sveiflað golfkylfunni á æfingum frá því hann var ungabarn. „Nei, aldeilis ekki. Ég fór fyrst í golf þegar ég var 11 ára gamall. Foreldrar mínir, Anna Einarsdóttir og Arinbjörn Kúld, stunda bæði golfíþróttina en ég var sem barn að æfa flestar íþróttir aðrar, t.d. fótbolta. Svo þegar ég kom heim af æfingum þá voru þau á golfvöllinum og ég einn heima. Það endaði með því að ég sagði hingað og ekki lengra, fór að



■ Tumi Hrafn Kúld kveður eftir fáeinum vikum sumarið og Jaðarsvöll að sinni og heldur í háskólanámið og golf í Bandaríkjunum.

fara með þeim á golfvöllinn en fannst þetta sport hreint ekki skemmtilegt í byrjun. Svo var það ári síðar sem ég tók þátt í fyrsta byrjendamótinu mínu, sem var á Hamarsvelli í Svarfaðardal og þar vann ég. Þá sá ég stoltið og gleðina í andlitinu og augunum á foreldrum mínum sem mér hefur verið minnstætt síðan og markmiðið er auðvitað að kalla þann svip fram hjá þeim sem allra oftast. Þau eru mín hvatning í golfinu,“ segir Tumi Hrafn og brosir.

Hann valdi golfið umfram aðrar íþróttir um 15 ára aldurinn, hefur síðan æft markvisst og af kappi og notið leiðsagnar golfkennara Golfúbbs Akureyrar, fyrst Árna Jónssonar, þá Ólafs Gylfasonar, Brian Jensen, Sturlu Höskuldssonar og nú Heiðars Davíðs Bragasonar, yfirgolfkennara GA og fyrrum Íslandsmeistara í golfi. Tumi Hrafn segir að allir eigi þeir mikið í þeim árangri sem hann hafi þegar náð á golfbrautinni en stöðugt þurfi að vinna í atriðum sem betur megi fara; breyta og bæta.

„Til dæmis fékk ég lista á blaði þegar Heiðar Davíð tók við í vetur og hann er nú þegar búinn að breyta miklu í sveiflunni minni á fáum mánuðum. Sturla á mikið í tæknigrunninum og þannig gæti ég talið áfram,“ segir Tumi Hrafn.

Afbrotufræði og golf

Í háskólanáminu í Bandaríkjunum ætlar Tumi Hrafn að læra afbrotufræði, enda segist hann vel geta hugsað sér að vinna síðar á lífsleiðinni við löggæslustörf, jafnvel rannsóknarlögreglustörf. „Það ætla ég að eiga uppi í erminni en leiðin liggur í atvinnumennskuna í golfi. Ég er ákveðinn í því,“ segir hann og talið beinist að ýmsum þáttum þessarar vinsælu íþróttar sem þúsundir Íslendinga stunda. Stundum er talað um að snar þáttur í golfi, ekki bara keppnisgolfi heldur einnig almenningsgolfi, sé hugarástand. Tumi Hrafn segir að á fyrirlestri sem hann sótti fyrir nokkrum árum hafi vakið athygli hans sú fullyrðing að mistök séu ekki til í golfi, bara mismunandi tilraunir.

„Þessi fullyrðing snerti einhvern streng hjá mér. Það er hægt að spila golf á mjög flókinn hátt en líka mjög einfaldan. Ég minni sjálfan mig oft á einföldu grundvallaratriðin þegar ég er að æfa og keppa og þá gengur alltaf betur. Þegar ég var 18 ára fór ég og hitti Jóhann Inga, íþróttasálfræðing, og hann fékk mig til að skrifa niður lista með góðum áhersluatriðum. Viku síðar varð ég Íslandsmeistari unglunga í golfi svo eitthvað hefur þetta haft að segja en blaðið er ég með plastað í golfpokanum mín-



■ „Það er hægt að spila golf á mjög flókinn hátt en líka mjög einfaldan. Ég minni sjálfan mig oft á einföldu grundvallaratriðin þegar ég er að æfa og keppa og þá gengur alltaf betur.“

Sumardvöl í Wisconsin vendipunkturinn

Sumarið 2016 bauð vínafólk foreldra Tuma Hrafnis í Wisconsin í Bandaríkjunum honum að koma og dvelja í þrjá mánuði og æfa golf. Sú fór átti eftir að draga dilk á eftir sér.

„Þarna gat ég æft við bestu aðstæður en var ekki í neinum sérstökum skóla eða á námskeiðum. Var í sambandi við þjálfarann minn hér heima ef á þurfti að halda en að öðru leyti stýrði ég þessu sjálfur; fór á fætur snemma á morgnana, út á völlu að æfa og spila og var þar fram til kvölds. Mér þótti svolítið skrítið að nokkrum dögum eftir að ég kom út fór ég

inn í golfbúð og heyrði þar á tal tveggja manna sem fóru að ræða um þennan Íslending sem væri kominn á svæðið til að æfa golf! Það vissu einhvern veginn allir af mér en þetta var mjög kurteist og yndislegt fólk. Ég tók síðan þátt í móti sem ég vann og væntanlega hefur það vakið enn meiri athygli. Síðan gerðist það að til mín kom maður sem kynnti sig sem yfirgolfþjálfari í háskóla í Norður-Karólínu og vildi fá að tala við mig. Í stuttu máli þá fór það svo að um haustið tók ég ákvörðun um að byggja boð hans um að koma í skólann og í háskólalíð hans í golfi og undirbúningur að þessu hefur staðið síðan þá. En ég sá líka fljótt

hversu miklu þessi dvöl skilaði mér því þegar ég kom heim vann ég næsta mót á Eimskipsmótaröðinni. Það borgaði sig að vera mjög hardur við sjálfan mig þetta sumar í Bandaríkjunum og taka æfingarnar föstum tókum,“ segir Tumi Hrafn en hann keppir að sjálfsgöðu fyrir Golfklúbb Akureyrar. Hann segir aðstæður fyrir keppniskylfinga á Akureyri mjög góðar, þrátt fyrir langan vetur og stutt sumar.

„Ég hef til dæmis fengið gríðarlega mikið út úr æfingum í Trackman golfhermi á veturna og svo er Jaðarsvöllur frábær og verulega krefjandi. Mér finnst best að hafa fjölbreytni í æfingum, skrá niður þau atriði sem ekki ganga vel

hverju sinni og leggja áherslu á þau í æfingum. Ég æfi því ekkert síður með því að fara hring og spila,“ segir þessi ungi kylfingur sem gæti átt eftir að skapa sér nafn úti í hinum stóra golfheimi í framtíðinni. Hver veit.

„Kylfingar frá Íslandi eru búnir að sýna og sanna að það er ekkert útilokað í golfinu og þannig hugsa ég þetta,“ segir Tumi Hrafn.

um, í veskinu mínu og í herberginu. Ég renni alltaf yfir þetta fyrir golfhring og keppni, minni sjálfan mig á sjálfsöryggið, yfirvegunina og einbeitinguna. Það er enginn vafi að vinna með þennan andlega þátt er gífurlega mikilvæg í golfinu.“



■ Það er sannarlega víðsýnt frá toppi Blátinds ofan Hlíðarfjalls. Mynd: María H. Tryggvadóttir

Stóla-lyftan opin um helgar

Sú nýbreytni verður í boði í Hlíðarfjalli um helgar í sumar að hægt verður að taka sér far með stólalyftunni á skíðasvæðinu og geta því þeir sem hyggjast ganga á topp fjallsins stytta leiðina verulega. Sé ekki ætlunin að fara í svo langa fjallgöngu þá er útsýnið yfir Akureyri og Eyjafjörð sannarlega fagurt á góðviðrisdögum frá Strýtuskálanum við efri enda stólalyftunnar.

Sumaropnun stólalyftunnar verður frá og með deginum í dag, 6. júlí, til 26. ágúst og verður opið föstudaga, laugardag og sunnudaga. Lyftan verður í gangi þessa daga frá kl. 10 að morgni til kl. 17 og kostar farið með lyftunni 1000 kr. Gildir það gjald báðar leiðir fyrir þá sem einungis ætla að taka lyftuna fram og til baka og njóta útsýnisins frá Strýtuskálanum. Fjallahjóla-fólk getur tekið með sér hjól í lyftuna og er óhætt að segja að þessi þjónusta opni nýja og skemmtilega möguleika í úti-vist í næsta nágrenni höfuðstaðar Norðurlands.

akureyri.is

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN



www.naturebaths.is

#myvatnnaturebaths

Styrkur Akureyrar er fjölbreytt og öflugt atvinnulíf

■ Arnar Páll Guðmundsson, útibússtjóri Landsbankans á Akureyri segir byggingageirinn hafa eflst mikið undanfarin ár og að íbúðum á Akureyri hafi aldrei fjölgað jafn mikið og síðustu 3-4 árin.

„Ástandið í atvinnulífinu á Akureyri er ágætt og staða fyrirtækja hér er almennt góð. Vextir hafa farið lækkanði og það hafa verið næg verkefni. Eins og annars staðar á landinu hefur hátt gengi krónunnar hins vegar háð þeim fyrirtækjum nokkuð sem hafa tekjur í erlendum gjaldeyri,“ segir Arnar Páll Guðmundsson útibússtjóri Landsbankans á Akureyri. Hann segir styrk Akureyrar meðal annars felast í öflugum atvinnulífi sem hvíli á mörgum stöðum. „Hér erum við með stór útgerðarfélög, sterkan iðnað, bæði matvælaíðnað, byggingariðnað og annað iðnað tengdan sjávarútveginum. Þá erum við með ört stækkandi ferðaþjónustu með aukinni gistingu og afþreyingu og rótgróinn og traustan landbúnað. Sjúkrahúsið á Akureyri er líka stór og gríðarlega mikilvægur vinnustaður og loks erum við með sterkar menntastofnanir, bæði háskóla og menntaskóla.“

Arnar Páll segir að meðal annars vegna háskólans sé menntunargangur á Akureyri mjög hátt og því hafi gengið ágætlega að fá vel menntað fólk til starfa og nefnir sem dæmi að háskólinn útskrifi árlega fjölda viðskiptafræðinga. Hins vegar hafi samkeppni um starfsfólk farið vaxandi síðustu misseri meðal annars vegna vaxtar ferðaþjónustunnar.

Þenslumerki á húsnæðismarkaði

Byggingageirinn hefur að sögn Arnars Páls eflst mikið á undanförunum árum og í sögulegu samhengi hafi íbúðum á Akureyri aldrei fjölgað jafn mikið og síðustu 3-4 árin. Mikið byggingarmagn hafi bæst við markaðinn og verð á íbúðum hækkað mikið. „Það eru ákveðin þenslumerki á húsnæðismarkaðinum og verðlag á fasteignum hér hefur hækkað umfram kaupgetu. Þess vegna er erfiðara fyrir ungt fólk að kaupa íbúð en áður vegna þess hve fasteignaverðið hefur stigið mikið.“

Aðspurður segist Arnar Páll vera hálfur Austfirðingur og hálfur Vestfirðingur. „Móðir mín er austan af Héraði og faðir minn úr Aðalvík á Hornströndum. Sjálfur er ég alinn upp í Reykjavík fram að fermingaráldri en þá fluttist ég austur á Egilsstaði. Verandi bæði Austfirðingur og Vestfirðingur er kannski eðlilegt að setja sig að lokum niður á Norðurlandi.“ Arnar Páll er viðskipta-



■ Útibússtjóri Landsbankans segir stöðu fyrirtækja á Akureyri almennt góða.



■ Mikið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði á Akureyri að undanförunum.

fræðingur frá Háskólanum á Akureyri en segir að skólaganga sín hafi verið frekar óhefðbundin. „Ég hef aldrei farið í menntaskóla. Ég kláraði grunnskólann og fór þá að vinna við ýmsleg t.d sláturhúsastörf á haustin, fór á vertíð í Grindavík og var að beita á Seyðisfirði og var svo í tæp 10 ár hjá Kaupfélagi Héraðsbúa í ýmsum störfum allt þar til

ég byrjaði hjá Landsbankanum á Egilsstöðum í ársbyrjun 1999. Fór í Háskólann á Akureyri 2001 og tók viðskiptafræði samhliða fullri vinnu og útskrifaðist 2005. Ég tók við starfi útibússtjóra á Egilsstöðum 2007 en fluttist ásamt fjölskyldunni til Akureyrar 2014 þegar ég tók við starfi útibússtjóra Landsbankans hér.“

Betra bankakerfi

Arnar Páll segir starfið í bankanum í senn áhugavert og fjölbreytt. Þar sé verið að þjóna bæði einstaklingum og öllum greinum atvinnulífsins. „Við þurfum að geta svarað flestu sem upp kemur, hvort sem það eru mál tengd einstaklingum, landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði eða ferðaþjónustu og því má segja að bankastarfsmenn á landsbyggðinni þurfi að vita eitthvað um alla hluti í stað þess að sérhæfa sig í ákveðnum flokkum.“

Arnar Páll var tiltölulega nýorðinn útibússtjóri á Egilsstöðum þegar efnahagshrunið varð á Íslandi haustið 2008. Aðspurður segir hann ekki hægt að líkja uppgangi í efnahagslífinu í dag við ástandið fyrir hrun. Þar skipti miklu að atvinnulíf og heimili eru ekki eins skuldsett og þau voru þá. Hann segir það hafa verið talsverða áskorun að vera í útibússtjóri á tímum þegar svo mikið gekk á. „Vissulega var það mikil vinna og áskorun en allt er þetta lífsreynsla sem ég bý að.“

- En erum við með betra bankakerfi í dag en þá?

„Já tvímælalaust erum við með betra bankakerfi í dag,“ segir Arnar Páll Guðmundsson útibússtjóri Landsbankans á Akureyri.



Gleðilegt grillsumar

Njóttu grillsumarsins með ljúffenga grillkjötinu frá Norðlenska

NORÐLENSKA

- VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU



■ Ný og afkastamikil pressa var tekin í notkun í vor hjá Gámaþjónustu Norðurlands.



■ Starfsmenn að flokka hráefni sem kemur úr endurvinnslutunnum eyfiska heimila.

Úrgangurinn verður að verðmætum

Akureyri og sveitarfélögin við Eyjafjörð og í næsta nágrenni standa fremst sveitarfélaga landsins í flokkun lífræns úrgangs en enn má gera betur í sorphlokkun á svæðinu segir Helgi Pálsson, rekstrarstjóri Gámaþjónustu Norðurlands. Fyrirtækið einbeitt sér nú m.a. annars að því að ná til allra sem reka leiguíbúðir og gisti- aðstöðu á Eyjafjarðarsvæðinu til að skerpa á sorphlokkun sem tengist slíkri atvinnustarfsemi.

„Við náðum strax gríðarlega góðum árangri þegar byrjað var að flokka sorphlokkun hér á Akureyri árið 2011. Á síðustu misserum hefur orðið töluverð magnaukning vegna betra efnahagsástands, sem við sjáum mjög vel, jafnframt því sem aukinn ferðmannastrumur er einnig að gera okkur erfiðara um vik. Það er orðið miklu meira um orlofsíbúðir og skammtíma leiguhúsnaði hér á Eyjafjarðarsvæðinu en var og margir sem leigja slíka



■ Búið að bagga pappa og þar með er þessi afurð á leið til viðskiptavina erlendis.

aðstöðu fara nokkuð frjállega með reglur varðandi sorphlokkun,“ segir Helgi.

Vilja ná til ferðamanna og íbúa fjölbýlishúsa

Til að bæta úr þessu er verkefni

næstu missera að ná til allra sem eiga og reka gistaðstöðu á svæðinu til að ná betri tókum á þessum þætti sorphlokkunarinnar. Almenn heimilissorp er tæplega helmingur sorpsins og er það flutt á urðunarstað í Stekkjarvík við Blönduós en



■ Helgi Pálsson, rekstrarstjóri Gámaþjónustu Norðurlands.

ALLT FYRIR HEIMILIÐ




HEILSURÚM
Íslenskt hugvit og hönnun



Gardínur - frábært úrval

Púðar og gjafavara í úrvali

Vefnaðarvara



Sængur - Koddar - Sængurver - Rúmteppi



Hofsbot 4 · Akureyri

hinn helmingurinn fer í endurvinnslu. Lífrænt sorphlokkun er flutt til frekari vinnslu hjá Moltu í Eyjafjarðarsveit en annar endurvinnanlegur úrgangur, mest pappír og plast, fer til útlanda til frekari úrvinnslu.

„Heilt yfir gengur þetta mjög vel en við sjáum samt töluverðan mun á sorphlokkun í einbýlishúsum og fjölbýlishúsum og annað átaksverkefni sem er í gangi hjá okkur núna, bæði hér á Akureyri og á Dalvík, er að ná betur utan um flokkunarmál í fjölbýlum,“ bætir Helgi við. Aðspurður um skýringu á þessum mun segir hann að fólk í fjölbýlishúsum noti það sem afsökun að þar hverfi það í fjöldann. Íbúar í fjölbýlishúsum séu líka í meira mæli leigjendur og þá vilji stundum brenna við að fólk telji sig ekki hafa eins miklum skyldum að gegna því það „leigi bara“, eins og sagt er.

„Við sjáum auðvitað hversu mikið af endurvinnanlegum úrgangi er í sorphinu, enda dugar tunnuplássið einfaldlega ekki þegar sorphlokkun er losað á hálfmánaðar fresti ef ekki er flokkað,“ segir Helgi og bætir við að þá sé komið ábendingum og viðvörðunarmiðum til viðkomandi.


Stöðug þróun með hag notenda að leiðarljósi

Gámaþjónusta Norðurlands sér um sorphirðu í fimm sveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu; Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Dalvíkurbyggð og Grýtubakkahreppi og einnig í Þingeyjarsveit og Skúttastaðahreppi. Starfsmenn eru um 50 talsins og er fyrirtækið með höfuðstöðvar á Hlíðarvelli við Hlíðarfjallsveg. Á Akureyri hefur verið komið upp 11 grenndarstöðvum og á þeim er fjöldi gáma, hver um sig undir ákveðinn úrgang, sem virk að hefur ágætlega og eru bæjarbúar duglegir að nýta sér stöðvarnar að sögn Helga. Í sorphirðu fyrir heimili er svonefnt tveggja ílát fyrirkomulag, fyrir sorphlokkun og lífrænan úrgang en íbúar geta einnig leigt endurvinnslutunnu til að spara sér sporin á grenndarstöðvarnar. Vakt að gámaþæði er í bænum fyrir allan úrgang.

„Við erum auðvitað alltaf að reyna að þróa þessa starfsemi með hag notendanna að leiðarljósi og höfum m.a. verið að yta á bæði sveitarfélögum og íbúa að nota í auknum mæli bæði plast- og pappírstunnum. Þannig fást bæði hreinni efni og það dregur umtalsvert úr flokkunarþættinum, sem er bæði tímafrekur og kostnaðarsamur,“ segir Helgi.

X

CLEAN CUT COPENHAGEN



Joe's

Tískuverslun

AKUREYRI

SÍMI 462 6200

Opið: Mán - fös 10-18 - Lau 11-16

Joe's & JMJ eru til húsa að Gránufélagsgötu 4, Akureyri

Leikfélagið verði stolt Akureyringa

segir Marta Nordal nýráðinn leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar



■ „Ég stefni að því að heimamenn geti verið stoltir af því sem leikfélagið er að gera og vilji koma og sjá sýningarnar okkar,“ segir Marta Nordal leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar.

„Leikhússtjórastarfið leggst vel í mig. Það er í senn fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt. Verkefni eru yfirdrífni og ég held að reynsla mín muni nýtast vel hér,“ segir Marta Nordal nýráðinn leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar. „Ég steig mín fyrstu skref sem leikari hér á fjöllum Leikfélags Akureyrar árið 1996 og nú þegar ég kem til baka bý ég að því að þekkja hvernig þetta var á sínum tíma hér í Samkomuhúsinu.“ Síðan þá hefur Marta starfað sem leikkona hjá Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu en undanfarin ár hefur hún einbeitt sér að leikstjórn og leikstýrði meðal annars Rocky Horror sem frumsýnt var í vor í Borgarleikhúsinu. Hún er með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og BA gráðu í leiklist frá The Bristol Old Vic Theatre School.

Gengið var frá ráðningu Mörtu í lok mars og hún er þegar komin á fulla ferð að undirbúa næsta leikar um leið og hún kemur sér fyrir eftir flutninginn til Akureyrar. Hún segist finna mikinn meðbyr og góða stemmningu í bænum fyrir þeim verkefnum sem framundan eru og staðfestir aðspurð að Akureyri hafi breyst mikið á þeim 20 árum sem liðin eru frá því hún starfaði síðast hjá leikfélaginu.

Menningarhúsið Hof hefur breytt miklu

„Hér hafa margir spennandi hlutir verið að gerast. Mesta breytingin er án efa tilkoma menningarhússins Hof og það aukna listræna starf sem orðið hefur með samstarfi Leikfélagsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar innan Menningarfélags Akureyrar. Þá verður í sumar tekin í notkun bætt sýningarastaða Listasafns Akureyrar sem mun styrkja safnið þannig að það getur tekið á móti og sett upp stærri og víðameiri sýningar en áður og verður þar með á pari við stóru listasöfnin í Reykjavík.“

Marta segir að með auknum ferðamannastraumi, fleiri veitingastöðum og fjölbreyttari gistimöguleikum hafi bæjarbragurinn breyst og ákveðinn borgarbragur sé nú kominn á Akureyri.

Hún segir grósku í menningarlífinu á Akureyri og góð skilyrði til að auka hana enn frekar. „Með Menningarfélaginu hefur færst meiri slagkraftur í listalífið og samstarfið við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands býður upp á mikla möguleika. Þegar ég var hér var fyrir 20 árum var hljómsveitin að stíga sín fyrstu skref en með bættri aðstöðu hefur hún eflst mikið. Nú koma líka mun fleiri listviðburðir og sýningar hingað en áður af öllum stærð-

um og gerðum og hér eru starfandi sjálfstæðir hópar listafólks. Allt eykur þetta aðdráttarafl menningarlífsins á Akureyri bæði fyrir gesti og listafólk.“

Meginverkefni að auka aðsókn

Marta segir að meginverkefni hennar sem leikhússtjóra verði að auka aðsókn á sýningar leikfélagsins. „Ég stefni að því að Leikfélag Akureyrar verði stolt Akureyringa eins og það hefur svo oft verið í gegnum tíðina. Í sjálfu sér er það ekki nýtt að gengi listrænna stofnana gangi upp og niður og það er ekki bundið við Akureyri. Það sama hefur verið að gerast hjá leikhúsunum í Reykjavík. Það koma tímabil þegar vel gengur og síðan tímabil þegar það gengur ekki eins vel. Ég stefni að því að heimamenn geti verið stoltir af því sem leikfélagið er að gera og vilji koma og sjá sýningarnar okkar. Eitt af markmiðum mínum er að efla barnasýningar þannig að það verði fastur liður í lífi barna í Eyjafirði að fara í leikhús. Við munum halda áfram með leiklistarskóla fyrir börn sem hér hefur verið í mörg ár. Ég vil efla hann enn frekar og byggja þannig upp áhuga barna á leikhúsinu.“

Barnaefni og tónlist

Til að laða sem flesta í leikhúsið verður á nýju leikari meðal annars boðið upp á metnaðarfulla barnasýningu og stóran söngleik. Tveir helstu stólpur dagskrárinnar verða söngleikurinn Kabarett og nýtt íslenskt leikrit fyrir börn sem byggt er á bók eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Marta segir að í þessum tveimur verkum kristallist áherslur þeirra á tónlist og barnaefni.

„Við nýtum samlegðaráhrif og slagkraftinn sem felst í samstarfi leikfélagsins og sinfóníuhljómsveitarinnar innan Menningarfélagsins til að bjóða upp á skemmtilega og áhugaverða dagskrá sem allir verða að sjá.“ Leikfélagið verður einnig í samstarfi við Listaháskólann auk minni samstarfsverkefna við litla leikhópa.

„Kabarett er að mínu mati einn besti söngleikur sem saminn hefur verið, meðal annars vegna þeirrar miklu samfélagsrýni sem í honum birtist. Þetta er pólitískt verk um uppgang nasismans og hvernig fólk létur hlutina viðgangast og flýtur sofandi að feigðarósi. Barnasýningin er einnig mjög spennandi því Kristín Helga skrifar alltaf innihaldsrík verk sem eiga erindi við samtímann,“ segir Marta Nordal leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar.



■ Marta segist finna mikinn meðbyr og góða stemmningu í bænum fyrir þeim verkefnum sem framundan eru.

leikfelag.is

mak.is


Handverkshátíðin Eyjafjarðarsveit

9.-12. ágúst '18



Fjölbreytt dagskrá fyrir unga sem aldna

Handverk á heimsmælikvarða

Bændamarkaður



Hlökkum til að sjá ykkur!

www.handverkshatid.is - facebook  - Instagram 

24. JÚNÍ-
24. ÁGÚST

LISTASUMMAR 2018

NÝ SKÖPUN DAGLEGA!

MYNDLIST - HÖNNUN - TÓNLIST - HANDVERK - SVIÐSLIST - FRÆÐI

FREKARI UPPLÝSINGAR UM VIÐBURÐI OG TÍMASETNINGAR MÁ FINNA Á

WWW.LISTASUMMAR.IS



Listasumar á Akureyri



Listasumar



LISTASUMMAR
AKUREYRI ART SUMMER

Nýir tankar hjá Víking Brugghúsi

Víking brugghús á Akureyri er stærsta bjórverksmiðja landsins. Þar er mest seldi bjórinn framleiddur auk þess sem verksmiðjan framleiðir talsvert magn af öli til útflutnings. Þessa dagana er unnið að því að auka tankarými brugghússins töluvert. „Við erum að bæta við tveimur 650.000 lítra tönkum, en það eru stærstu tankarnir sem við höfum,“ segir Baldur Kárason bruggmeistari sem hefur leitt starfsemi brugghússins í um 25 ár.

„Í dag höfum við 20 gerjunartanka sem bjórinn er gerjaður í og einnig filtertanka þar sem bjórinn er geymdur, tilbúinn í átöppun, og nýju tankarnir eru í þeim flokki. Hluti af tönkunum er kominn til ára sinna og eru frá 1966 þegar bjórframleiðsla hófst í verksmiðjunni. Nýju tankarnir koma í stað einhverra þeirra sem eru farnir að þreytast. Gömlu tankarnir eru allir töluvert minni en einn af hinum nýju getur skipt út 8 litlum,“ segir Baldur og útskýrir fyrir blaðamanni að þótt bjór hafi ekki verið löglegur á Íslandi fram eftir tuttugustu öld þá hafi töluvert verið framleitt af pilsner og maltöli auk þess sem bjórinn Thule var seldur í fríhöfninni, skipum og flugvélum. Tankarnir auka ekki einungis við pláss heldur einnig sveigjanleika: „Þróunin hefur verið sú að það eru stöðugt að koma fleiri og fleiri tegundir og sérþjórar, sem í eru notuð sérstök hráefni á borð við krydd, ávaxtaþykkni og þess háttar, en það veldur því að við þurfum fleiri tanka og meira pláss.“

Alþjóðlegt stórfyrirtæki á Akureyri

„Það gera sér alls ekki allir grein fyrir því að bjórinn okkar er alfarið bruggaður á Akureyri, en hér starfa 30 manns allan sólarhringinn og framleiðsla í gangi árið um kring,“ segir Tryggvi Harðarson, forstöðumaður rekstrar á vörustjórnunarsviði hjá CCEP og segir starfsemi því umtalsverða og gríðarlegt magn af gámum sem kemur til og frá verksmiðjunni. „Þá er Víking brugghús einnig hluti af stærri heild sem er Coca-Cola European Partners á Íslandi en CCEP er stærsti átöppunaraðili Coca-Cola í heiminum. CCEP gerir mjög strangar kröfur um öryggis- og umhverfismál og verksmiðjan fyrir norðan starfar undir sama stranga gæðakerfi og verksmiðjan á í Reykjavík.“

Víking brugghús framleiðir ekki einungis



■ Tryggvi Harðarson segir starfsemi fyrirtækisins á Akureyri vera umtalsverða enda sé þar stærsta bjórverksmiðja landsins.



■ Bruggmeistarinn, Baldur Kárason hefur leitt starfsemi Víking brugghúss í aldarfjórðung.



■ Víking bjórinn á sér langa framleiðslusögu á Akureyri.

ólíkar gerðir af Víking bjór og Víking Craft, heldur framleiða þau einnig Einstök bjórinn, sem er hágæða craft bjór. Einstök er að mestu seld erlendis en það hefur gengið mjög vel en bjórinn er meðal annars fluttur til Bandaríkjanna, Skandinavíu og Kína. „Í Bandaríkjunum fer mest af Einstök til Kaliforníu, en þar er hún orðin býsna stórt vörumerki. Það er algengt að Bandaríkjamenn, sem þekkja bjór á annað borð, kannist við Einstök.“

Áhersla á umhverfisvernd

Baldur og Tryggvi segja að alltaf sé ákveðin endurnýjun í gangi og nýverið var sett upp skilvinda sem dregur mjög úr notkun á kísilgúr. „Við reynum að endurvinna sem mest og erum nýbúin að endurnýja kolsýruendur-

vinnsluna. Við tökum kolsýruna sem myndast í tönkunum, hreinsum hana og notum aftur. Þannig spörum við mörg tonn af kolsýru yfir árið og drögum verulega úr flutningskostnaði. Þetta minnkar því bæði kolfnisfótsporid okkar og sparar peninga,“ segir Baldur og bætir við að við bjórframleiðslu falli einnig töluvert af maski til, sem er hýðið hjá verksmiðjunni: „Við höfum boðið bændum að fá maskið ókeypis gegn því að þeir sækja það til okkar, en þetta er næringarríkt fóður sem hefur verið gefið bæði kúm og svínunum. Við höfum náð að losa allt sem við framleiðum með því móti.“

Saga Víking Brugghúss

Víking brugghús á rætur sínar að rekja aftur til 1939 þegar Aage R. Schiøtch stofnaði Efnagerð Siglufjarðar. Árið 1945 flutti efnagerðin svo til höfuðstaðar Norðurlands og skipti um nafn; varð Efnagerð Akureyrar, síðar Sana og enn síðar Sól Víking. Framan af var verksmiðjan þekktust fyrir gosdrykkjaframleiðslu en árið 1966 var ákveðið að breikka úrval drykkjanna; bæta við „fljótandi fæði“ fyrir fullorðna, ef svo má að orði komast.

Þann 1. mars 1989 er leyfð sala og framleiðsla á sterkum bjór á Íslandi og í framhaldi af því fer Víking brugg hf. að einbeita sér algjörlega að framleiðslu bjórs. Árið 1993 er Baldur Kárason ráðinn bruggmeistari hjá Víking ölgerð og í framhaldi af því hefst saga Víking brugghúss eins og við þekkjum hana í dag. Víking brugghús undir forystu Baldurs hefur framleitt margverðlaunaða bjóra í gegnum tíðina og statar í dag af því að eiga söluhæsta bjórinn í Vínbúðunum, Víking Gyllta. Árið 2001 sameinaðist Sól Víking Vífelfelli en með nýlegum breytingum á eignarhaldi þess er Víking brugghús nú hluti af Coca-Cola European Partners á Íslandi, en CCEP er stærsta átöppunarfyrirtæki Coca-Cola í heiminum.



Sunwill jakkar og buxur glæsilegt úrval



JMJ
Herradeild
SÍMI 462 3599

Opið: Mán - fös 10 - 18 Lau. 11 - 16

JMJ og Joe's eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri

Heimsókn á Hælið

■ María Pálsdóttir með lækningatæki frá fyrri tíð sem notuð voru í meðferð sjúklinga á Kristneshæli.

María Pálsdóttir er fædd og uppalin á bænum Reykhúsum í Eyja-fjarðarsveit, steinsnar frá Kristnesspítala. Hann var tekinn í notkun árið 1927 sem berklaspítali og var lykilstofnun á Norðurlandi í bar-

áttunni við þann skæða sjúkdóm sem berklarnir voru. María vinnur nú hörðum höndum að því að láta draum sinn verða að veruleika og koma á fót Hælinu sem verður setur um sögu berklanna, starf-

semi berklahælisins á sínum tíma og sjúklinganna. Hún er í málningargallanum í óða önn að mála glugga þegar litur er við í framtíðarhúsnæði Hælisins, rétt við hlið Kristnesspítala.

SIF JAKOBS
JEWELLERY

Halldór Ólafsson
ÚR OG SKARTGRIPIR
GLERÁRTORGI - SÍMI 462 2509

„Markmiðið er að opna hér í ágúst lítið kaffihús þar sem fólk getur komið og fengið innsýn í það sem hugmyndin er að gera á sýningunni um berklana,“ segir María en hún hefur átt gott samstarf við Sjúkrahúsið á Akureyri um húsnæði fyrir þessa starfsemi. Í hluta húsnæðisins var í upphafi íbúð aðstoðaryfirlæknis Kristneshælis og síðan starfsmannaíbúð. Í þeim hluta verða kaffihús og afgreiðsla en á sömu hæð er hægt að ganga inn á gang með mörgum herbergjum þar sem starfsfólk spítalans bjó á sínum tíma. Í þessum hluta verður sögusýningunni um berklana og starfsemi berklahælisins komið fyrir.

„Af hverju geri ég þetta ekki bara sjálf?“

María er með sanni komin aftur í heimahagana eftir að hafa lengi búið í Mosfellsbæ og erlendis, starfað

sem leikkona, lært leiðsögn og fleira. Hún er að sjá hugmynd sína verða að veruleika.

„Hugmyndin að Hælinu kviknaði einmitt þegar ég kom hingað heim til foreldra minna í heimsókn sumarið 2015. Eins og oft áður var ég að ganga hér um og virða staðinn fyrir mér og rifja upp hversu reisulegt þetta var allt í tengslum við spítalann þegar ég var barn. Og mér sveið að sjá hversu mikið þorpið hafði drabbast niður í tímann rás. Móðir mín var líka nýbúin að birta grein þar sem hún velti fyrir sér framtíð Kristnesþorpsins og hvort það væri að breytast í draugaborp. Mér fannst þessi dásemdarstaður bjóða upp á ótal tækifæri og spurði í huganum af hverju í ósköpunum einhver gerði ekki eitthvað hérna? Og í beinu framhaldi kviknaði spurningin; af hverju geri ég bara ekki eitthvað hérna?“ segir María þegar hún



■ María á ganginum í álmunni þar sem sögusýningin um berklana verður.

leggur frá sér málningarpensilinn um stund og sest niður í sumarsólinni sunnan undir vegg verðandi berklasöguseturs.

Áhugaverð og átakanleg saga berklasjúklinga

Og í stuttu máli fóru hjólin að snúast; María flutti norður til Akureyrar ásamt eiginmanni og þremur börnum og fór að vinna að hugmyndinni um Hælið. Hún vann með hugmyndina á námskeiðum í nýsköpun, rekstri og ferðaþjónustu og segist sannfærðari en nokkru sinni um að Hælið og saga berklanna komi til með að vekja áhuga heimafélks og ferðamanna.

„Það hefur tekið talsverðan tíma að koma húsnæðismálanum á hreint en eftir að grænt ljós fékkst í vor hófst ég handa hér í húsnæðinu. Margt þarf að laga eftir langt viðhaldssvelli og ýmislegt sem safnast hafði upp í húsnæðinu frá því hætt var að nota það fyrir daglega starfsemi. Sumt vil ég þó halda sem mest í, t.d. munsturmálninguna og útlitið á starfsstúlknaðganginum þar sem sýningin verður. Húsnæðið sem slíkt segir mikla sögu um það hvernig starfsstúlkurnar bjuggu. En aðaláhersla sýningarinnar verður á berklana; starfseminna, starfsfólkið en fyrst og fremst á sjúklingana. Berklarnir lögðu marga að velli og hér á Kristneshæli voru margir sem ekki áttu von á því að komast aftur út í lífið. Vonandi tekst mér að koma þessum sögum á framfæri á sem áhugaverðastan hátt, upplifun gesta er númer eitt, tvö og þrjú í þessu verkefni,” segir María.

Enn sannfærðari um hugmyndina

Frá því að María gerði þessa hugmynd sína opinbera á sínum tíma hefur hún komist í samband við fjölda fólks sem bæði gekk í gegnum berklasjúkdóminn eða á ná tengda ættingja sem voru á Kristnesspítala. Sumir hafi á orði að sögu berklanna fylgi fyrst og fremst sorg.

„Eftir því sem ég hef unnið meira með hugmyndina og náð sambandi við fólk sem tengist þessari sögu þá verð ég sannfærðari um þörfina á því að sögu berklanna sé haldið til haga hér. Það var þöggun á sínum tíma gagnvart fólki sem fengið hafði berkla, fólk óttaðist að smitast og sumir áttu erfitt með að fóta sig í lífinu eftir að hafa verið með berklasjúkdóminn. Fólk sem kom hingað á berklahælið í veikindum sínum gat átt von á að því að eiga ekki afturkvæmt og andrúmsloftið markaðist auðvitað af því,” segir María sem vinnur úr efni fyrir sýninguna úr ýmsum gögnum og viðtölum við fólk, samhliða því sem hún vinnur að standsetningu húsnæðisins. Stofnaður hefur verið hópurinn Hollvinir Hælisins sem styrkja Maríu í þessu framtaki með 2500 kr. árgjaldi og hafa þegar um 150 manns skráð sig í hópinn. Hægt er að fylgjast með verkefninu á facebooksíðu; Hælið setur um sögu berklanna.

„Ég er þakklát öllum sem vilja styrkja verkefnið og leggja hönd á plóg til að láta þetta verða að veruleika. Ég skynja mikinn meðbyr með Hælinu og gamlir sveitungar hafa neitað að rukka fyrir skurðgröft til dæmis! Mín von er að geta síðsumars tekið á móti gestum hér á kaffihúsinu og kynnt þeim hugmyndina og það sem við erum að vinna að í sögusýningunni. Í framhaldinu verður síðan sögusýningunni komið upp en nú þegar er



■ Kristnes í Eyjafjarðarsveit. Fyrir miðri mynd er Kristnesspítali, áður Kristneshæli.

búið að vinna talsvert af mjög áhugaverðu efni, m.a. með ljósmynda- og myndbandstækni. Það hefur gefið mér mikið að vinna að þessari hugmynd og ég hef eiginlega á köflum komið sjálfri mér mest á óvart,” segir María og hlær.


Og hún er þar með tekin til við gluggamálninguna á nýjan leik! Hælið færist nær.



Buxur 4.990,-



Toppur 2.990,-



IMPERIAL
Akureyri

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI Opnunartími: Mán til föstud. 10-18.30, laugard. 10-18, sunnud. 12-17



Horft norður að Hofi, yfir Glerárgötu að húsaröðinni þar fyrir vestan. Góð svæði fyrir gangandi vegfarendur við höfnina og skjólsælar leiðir upp í miðbæinn. Gert er ráð fyrir að gamli turninn, sem nú er við Hafnarstræti, verði settur þarna niður. Myndin sýnir ekki endanlega hönnun húsa.

Heillandi verkefni framundan

► Nýr meirihluti bæjarstjórnar Akureyrar hefur tekið undir öll viðmið sem lögð voru til grundvallar við mótun miðbæjarskipulags og afgreitt var samhljóða í bæjarstjórn árið 2014. Þetta skipulag varð til eftir áralangar umræður, gríðarlega vinnu og fjárframlög fyrirtækja, stofnana, einstaklinga auk bæjarfélagsins sjálfs. Í meirihlutasamþykktinni segir að „uppbygging vistvæns miðbæjar taki mið af öryggi vegfarenda, skilvirku umferðarflæði, rými til uppbyggingar og fjárhagslegri skynsemi“. Allt þetta og fjölmargt fleira var haft til hliðsjónar við gerð nógildandi deiliskipulags miðbæjarins og kemur vel fram í mjög vönduðu 90 síðna riti sem gefið var út í tengslum við afgreiðslu þess. Þar er greint frá því hvernig svæðinu er skipt í reiti og einkennum hvers þeirra lýst ásamt ítarlegri forskrift fyrir sérhvert hús sem þar á að byggja. Þá eru í ritinu skilgreindar kröfur varðandi samgöngur og umferðaröryggi, hljóðvist, loftgæði, sjónræn áhrif og fleira. Allt mjög vel tíundað og aðgengilegt fyrir leika og lærða og uppfyllir vel væntingar sem gerðar eru í umræddum sáttmála nýs bæjarstjórnarmeirihluta.



Ragnar Sverrisson, greinarhöfundur.

Raunverulegt íbúalýðræði

Í meirihlutasamþykktinni er lýst vilja til að efla íbúalýðræði og þátttöku íbúa við mótun og gerð skipulags. Það var einmitt það sem gert var við mótun, útfærslu og afgreiðslu miðbæjarskipulagsins frá 2014. Virk þátttaka allra sem vildu leggja orð í belg allt frá upphafi vakti víða athygli og talin til marks um raunverulegt íbúalýðræði.

Fyrst er að nefna að efnt var til mjög fjölmenns íbúalýðræðis í íþróttahöllinni þar sem um 1600 bæjarbúar mótuðu meginviðmið í þeirri vinnu sem framundan var við endurnýjun miðbæjarins neðan Skipagötu. Þessar tillögur voru síðan lagðar til grundvallar þegar efnt var til alþjóðlegrar samkeppni meðal arkitekta um framtíðarskipulag miðbæjarins. Afrakstur þeirrar samkeppni voru 152 vandaðar tillögur sem nýttar voru við vinnu bæjaryfirvalda við gerð tillagna um nýtt deiliskipulag fyrir svæðið þar fóru svo í lög bundið auglýsinga- og kynningarferli í byrjun árs 2010. Töluverður fjöldi athugasemda barst frá bæjarbúum þar sem margir lögðust gegn gerð síkis og ennfremur að hús á svæðinu yrðu of há. Tekið var tillit til þessara og fleiri ábendinga sem leiddu til þess að tillögurnar voru lagðar til hliðar í árslok 2010. Enn einn afrakstur íbúalýðræðis. Síðan gerist það haustið 2012 að bæjarstjórn ákvað að taka þráðinn upp aftur. Hófst þá mikil vinna og ítarlegt samráð við sérfræðinga, fyrirtæki og almenning sem stóð yfir á annað ár. Í framhaldi urðu til þær tillögur að deiliskipulagi miðbæjarins sem samþykktar voru samhljóða í bæjarstjórn 6. maí árið 2014.



Á fjölmennu íbúalýðræði árið 2004 mótuðu íbúar Akureyrar meginlínu sem farið var eftir við gerð nógildandi miðbæjarskipulags: 1) Nýjar götur fyrir neðan Skipagötu snúi austur-vestur til að mynda skjól fyrir ríkjandi vindáttum. 2) Tryggð verði góð tenging milli miðbæjarins og sjávar. 3) Ný hús á svæðinu verði lágrest og taki mið af eldri húsum sem fyrir eru í miðbænum. Fullt tillit var tekið til þessara óska íbúalýðræðisins við gerð nógildandi miðbæjarskipulags.



Fjárhagsleg skynsemi

Í nefndri meirihlutayfirlýsingu er með réttu lögð áhersla á fjárhagslega skynsemi við uppbyggingu miðbæjarins. Í því sambandi er ástæða til að halda því til haga að beinn kostnaður við undirbúning og gerð núgildandi deiliskipulags var hátt á annað hundrað milljónir króna á núgildandi verðlagi. Rösklega helmingur þess fjár kom úr bæjarsjóði en hinn helmingurinn voru frjáls framlög fyrirtækja, stofnana og einstaklinga á vegum verkefnisins Akureyri í öndvegi. Slíkt framlag hlýtur að teljast einsdæmi í einu sveitarfélagi. Þá er ekki getið um alla þá miklu sjálfboðavinnu sem margir lögðu fram og var ómetanleg. Það voru því margir í bænum sem komu að þessu viðamikla verkefni og hafa áreiðanlega áhuga á að afrakstur þess verði nýttur við uppbyggingu miðbæjarins en ekki farið að endurtaka vinnu sem þegar hefur verið unnin af ósérhlífni og vandvirkni. Hvað sem öðru líður getur það tæpast talist fjárhagsleg skynsemi.


Hugmynd að nýrri umferðarmiðstöð við Smáragötu vestan við væntanlegt hringtorg á mótum Grænugötu og Glerárgötu. Þaðan liggja greiðar leiðir til og frá Glerárgötu og síðan norður eða suður. Einnig greið leið vestur Smáragötu ef ákveðið verður að byggja bílastæðahús á þeim slóðum.

„Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fjölgun íbúða og auknu atvinnuhúsnæði. Þannig verði stuðlað að fjölbreyttu og blönduðu samfélagi íbúa og atvinnustarfsemi. Íbúðarhúsnæði er því í nær öllum nýjum byggingum, í bland við húsnæði fyrir verslun- og þjónustu. Þannig munu íbúar, starfsfólk, gestir og gangandi styrkja miðbæinn félagslega og efnahagslega. Rými sem þjóna bæði fyrirtækjum og almennungi munu ýta undir stofnun nýrra vinnustaða og nýrrar þjónustu, bæði fyrir íbúa miðbæjarins, aðra bæjarbúa og gesti. Gert er ráð fyrir atvinnustarfsemi á jarðhæðum nýrra bygginga til að skapa lifandi götummynd og mannlíf allan daginn.“

- Úr greinargerð frá 12.02.2014 um núgildandi deiliskipulag miðbæjarins.

Ferilskrá miðbæjarskipulagsins

- 2004** Meginlínur um nýskipan miðbæjarins mótaðar á fjölmennu íbúáþingi
- 2005** Alþjóðleg arkitektasamkeppni
– 152 tillögur og kynning á þeim
- 2006-2009** Unnið að nýju deiliskipulagi á vegum bæjarins
- 2010** Lögð fram tillaga að deiliskipulagi
– andstaða kom fram og málinu frestað
- 2012-2013** Verkefnið tekið upp aftur og unnið að endurbótum sem sátu náðist um
- 2014** Lagðar fram nýjar tillögur með greinargerð
– góðar viðtökur
- 06.05.2014** Deiliskipulag fyrir miðbæinn samþykkt samhljóða í bæjarstjórn
- 2016-2018** Byggingaframkvæmdir við íbúðahús sunnan Torfunefs



Svona er gert ráð fyrir heildarútliti miðbæjarins og hafnarsvæðisins samkvæmt gildandi miðbæjarskipulagi. Greiðar og skjólsælar gönguleiðir niður að hafnarsvæðinu ásamt grænum reitum milli húsa. Vistvæn Glerárgata tryggir gott sambýli akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda. Myndin sýnir ekki endanlega útfærslu eða hönnun einstakra húsa.

Mikill áhugi á svæðinu

Um þessar mundir er verið að ljúka uppbyggingu íbúðahúsa suður af Torfunefi og fyrstu íbúar fluttir inn. Flestir virðast sammála um að mjög vel hafi til tekist enda tekur hæð húsa og útfærsla mið af því sem ákveðið var í núgildandi deiliskipulagi miðbæjarins. Þá vaknar sú spurning hvenær haldið verður áfram uppbyggingunni norður að Hofsbót. Vitað er um töluverðan áhuga á lóðum þar fyrir verslanir og þjónustustarfsemi svo og íbúðir sem gert er ráð fyrir að verði á efri hæðum samkvæmt skipulaginu. „Þannig verði stuðlað að fjölbreyttu og blönduðu samfélagi íbúa og atvinnustarfsemi. Íbúðarhúsnæði er því í nær öllum nýjum byggingum, í bland við húsnæði fyrir verslun og þjónustu. Þannig munu íbúar, starfsfólk, gestir og gangandi styrkja miðbæinn félagslega og efnahagslega“ eins og segir í greinargerð með deiliskipulaginu.

Áfram með smérið

Að þessu sögðu er eðlilegt að gera ráð fyrir að bæjaryfirvöld hefjist strax handa um að undirbúa nauðsynlegar aðgerðir á reitunum fyrir norðan Torfunef þannig að unnt verði að koma þeim í gagn. Til þess að það takist þarf fyrst að hanna og byggja umferðarmiðstöðina við Smáragötu, sem getið er um í gildandi skipulagi, og ákveða auk þess staðsetningu og byggingu bílastæðahúss svo fljótt sem verða má. Bent hefur verið á vannaþing svæði milli Hólabrautar og Brekkugötu til þess arna en auðvitað gætu aðrir staðir komi til álita. Þá þarf að vinna bráðan bug að því að útfæra og endurnýja vistvæna Glerárgötu í gegnum miðjan bæinn eins og skipulagið gerir ráð fyrir. Ofangreind þrjú viðfangsefni eru forsenda þess að unnt verði að hefjast handa um uppbygginguna sjálfa sem verður auðvitað á kostnað þeirra sem kaupa byggingarrétt á umræddum lóðum.

Það eru því áhugaverð og verðug verkefni framundan fyrir nýja bæjarstjórn, nýjan bæjarstjóra og nýjan skipulagsstjóra. Vonandi ganga allir þessir aðilar rösklega til verks þannig að á næstu árum verði lóðir auglýstar á þessum dýrmætustu reitum bæjarins. Þá mun fjármagn streyma til framkvæmda og byggingar rísa af grunni frá Hofsbót suður að Torfunefi. Bæjarbúar sjá drauma sína um lífligan og vistvænan miðbæ rætast og bætast við þann eldri sem áfram mun standa fyrir sínu ásamt nýjum skrudgarði í Skátagilinu. Saman mun hið gamla og hið nýja mynda perlu íslenskra miðbæja.

Ragnar Sverrisson, kaupmaður

SUMAR ÚTSALAN

LÝKUR UM HELGINA



EKKI MISSA

SÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | BORÐSTOFUBORÐ OG -STÓLAR | HILLUR |

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.
Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.
Verð gildir til 8. júlí 2018, eða á meðan birgðir endast.

Allt að

60%

afsláttur



AAFPESU

SÓFABORÐ | MOTTUR | SKÁPAR | ALLSKONAR SMÁVARA O.FL., O.FL.

Hjólreiðahelgi og utanvegahlaup

Akureyri er hreyfiparadís fyrir alla aldurshópa. Þar er boðið upp á fjölbreytt íþróttastarf og nærumhverfið er tilvalið til hverskonar útivistar, t.d. Naustaborgir, Kjarnaskógur, Krossanesborgir, Glerárdalur og Hlíðarfjall, ásamt ýmsum göngu- og hjólastígum.

Verslunin Sportver hefur verið starfandi frá 1991 og á þessum tæpu þrjátíu árum hefur hún verið leiðandi í sölu á gæðavörum til íþróttaiðkunar ásamt því að vera dyggur stuðningsaðili við hina ýmsu íþróttaviðburði.



■ Hlauparar í utanvegahlaupinu Súlum Vertical nálgast tindinn. Hlaupið verður þann 13. október.



■ Utanvegahlauparinn Hayden Hawks mætir til leiks í Súlum Vertical. Hann er heimsþekkt nafn á þessu sviði.

Fjögurra ganga hjólreiðamót

Hápunktur Hjólreiðahelgar á Akureyri 27.-29. júlí verður svokallað Fjögurra ganga mót þar sem ræst er á Siglufirði og komið í mark á Akureyri. Einnig er XC mót fyrir börn og unglíngja. Enduró fyrir þá sem velja fulldempandi fjallahjól og drullu. Fyrir hraðafíkla þá er það Criterion þar sem lærin fá að finna fyrir því.

Hjólreiðafélag Akureyrar hefur stækkað undanfarið og eru félagsmenn þess viljugir í starfi og lagningu brauta ásamt viðhaldi þeirra. Akureyri hefur því stimplað sig rækilega inn í hjólreiðum og verið er að leggja grunn að samstarfi við Hlíðarfjall með notkun á stólalyftunni fyrir fjallahjól. Það eru bjartir tímar framundan hér norðan heiða og bjóðum við alla velkomna í fjörið.



■ Hjólreiðar eru mjög vaxandi á Akureyri og verður hjólreiðahelgi með Fjögurra ganga móti í lok júlí.

Súlum Vertical

Utanvegahlaupið Súlum Vertical mun loka hlaupasumrinu í ár og verður 13. október. Þetta glæsilega hlaup völdu lesendur hlaup.is sem besta utanvegahlaupið árið 2017. Hlaupaleiðin er virkilega skemmtileg; mismunandi undirlag er á leiðinni s.s. moldarstígar, mýri, klappir, snjór, urð og grjót. Útsýnið á leiðinni er ægífast þar sem Akureyri, Glerárdalurinn og Eyjafjörðurinn skarta sínu fegursta. Hlaupið byrjar í Kjarnaskógi og eru tvær vegalengdir í boði; sú lengri er 28 km með um 1.400 m hækkun upp fjallið Súlum, sem er bæjarfjall Akureyrar. Styttri vegalengdin er 18 km með 450 m hækkun og þá er ekki farið upp fjallið en báðar vegalengdir enda í miðbæ Akureyrar.

Anna Freyja Guðmundsdóttir verslunarstjóri hjá Imperial

Sumarið er litríkt og skemmtilegt

„Sumarið hefur byrjað mjög vel hjá okkur. Það er mikið um ferðamenn, bæði íslenska og erlenda og oft mikið að gera. Sumarið lofar góðu,“ segir Anna Freyja Guðmundsdóttir verslunarstjóri hjá Tískuvöruversluninni Imperial á Glerártorgi. Verslunin fagnaði 10 ára afmæli sínu á vordögum, Anna Freyja hefur stýrt versluninni bróðurpart þess tíma eða í 7 ár. Hún er jafnframt meðeigandi að Stíg skóverslun sem rekin er



■ „Sumarið hefur byrjað mjög vel hjá okkur. Það er mikið um ferðamenn, bæði íslenskum og erlendum og oft mikið að gera. Sumarið lofar góðu,“ segir Anna Freyja Guðmundsdóttir verslunarstjóri hjá Tískuvöruversluninni Imperial á Glerártorgi.

samhlíða Imperial í samliggjandi plássi.

Lifgað upp á tilveruna með lit

Anna Freyja segir það ekki sjálfgefið að tískuvöruverslanir starfi í áratug líkt og raunin er með Imperial, en það byggist m.a. á metnaði eigenda og stefnu verslunarinnar að bjóða ávallt gott verð á vörunni og góða þjónustu. Sífellt sé leitað leiða til að bæta þjónustuna og auka úrvalið.

Sumarið er að sögn Önnu Freyju litríkt og skemmtilegt, rauður og bleikur eru áberandi sumarlitir í ár og sá guli og græni séu einnig að koma sterkir inn.

Fólk kjósi greinilega að lifga upp á tilveruna yfir hið stutta íslenska sumar með því að klæðast litríkum fötum.

„Við erum bæði með dömu- og herradeild og bjóðum upp á fjölbreytt úrval,“ segir hún og nefnir í því sambandi buxur af ýmsu tagi, gallabuxur, dragarbuxur og eins njóti um þessar mundir vinsælda buxur sem eru lausar, þægilegar og flottar. Fallegar skyrtur og samfellur eru einnig ofarlega í huga viðskiptavina. Strákarnir kaupa nú í sumar í ríkum mæli gallabuxur, litríkar hettupeysur og skyrtur í lit og með mynstri.

Heimsfrægur þátttakandi

Í ár mun Hayden Hawks mæta til leiks í Súlum Vertical. Aðstandendur hlaupsins segja mikinn heiður að fá hann í hlaupið því Hawks er einn besti ofurhlaupari heims (hlauparar sem hlaupa lengra en maraþon) og er nr. 3 á alheimslista ITRA. Hann vann CCC í fyrra með yfirburðum en það er mjög sterkt hlaup hringinn í kringum Mont Blanc, alls 101 km með 6.100 m hækkun. Í ár er hann skráður í UTMB sem er 171 km hlaup með 10.300 m hækkun í kringum Mont Blanc þannig að hér er á ferðinni einn sá allra besti.

Það má enginn láta þessa viðburði fram hjá sér fara.

sportver.is

Velkomin til Hríseyjar!

Hús Hákarla Jörundar


Opið alla daga 1. júní - 31. ágúst frá kl. 13:00-17:00



Í þessu elsta húsi Hríseyjar er búið að koma upp vísi að sýningu sem tengist hákarlaveiðum og sögu eyjarinnar

Þar er einnig hægt að nálgast upplýsingar um eyjuna og hvað hún hefur upp á að bjóða.

Allar nánari upplýsingar á hrisey@hrisey.is og í síma 695-0077 - Heimasíða www.hrisey.is



■ Litagleði tekur völdin í sumar.



■ Skór fyrir börn sem fullorðna í skóversluninni Stíg.

Skóverslun fær góðar viðtökur

Skóverslunin Stígur var opnuð haustið 2017 og hefur að sögn Önnu Freyju fengið góðar viðtökur. Það sem ekki síst kætir viðskiptavini er gott verð. Í boði eru skór af ýmsu tagi, fyrir dömur, herra og börn. Strigaskór rjúka út að sumarlagi, sandalar og inniskór eru vinsæl vara um þessar mundir og líkt og með fatnaðinn kjósa menn gjarnan að kaupa skó í lit. Þar eru rauðir skór og bleikir áberandi, hvort heldur sem er í strigaskóm til að nota dagsdaglega að skóm með hælum sem gjarnan eru notaðir spari.

Kjarnafæði stöðugt að auka framleiðslu fyrir grilltímann

Glaðir Íslendingar grilla!

„Þegar Íslendingum líður vel; gleðjast yfir góðu veðri eða úrslitum á HM í fótbolta þá grilla þeir. Engar vörur í okkar framleiðslu getum við tengt með jafn skýrum hætti við bæði veðurfarið og sálarlíf Íslendinga og grillvörurnar,“ segir Ólafur Már Þórisson, sölumaður hjá Kjarnafæði en nú þegar grilltíminn stendur sem hæst fellur umtalsverður hluti daglegrar vöruframleiðslu fyrirtækisins undir það sem skilgreina má sem grillvörur.



■ Lambakjötið er alltaf klassískur grillmatur Íslendinga og Heiðalambið sívinsælt.

ir grillið árið um kring. Grillmaturninn selst allan veturinn en eðlilega er fjölbreytnin mun meiri yfir sumarmánuðina þegar aðal grillstemningin er í þjóðfélaginu,“ segir Ólafur Már en hann og aðrir

starfsmenn Kjarnafæðis byrja að undirbúa grillframleiðsluna strax í febrúar. Margt í framleiðslunni er klassískt frá ári til árs en alltaf eru einhverjar nýjungar í kryddum og marinerungum sem þá þarf að þróa og undirbúa.

„Þó lang stærstur hluti af grillvörunum hjá okkur sé marinerað og forkryddað kjöt þá er líka hópur viðskiptavina sem kys að krydda sitt kjöt sjálfur og við framleiðum árið um kring niðursneitt ókryddað kjöt á grillið sem fólk getur



■ „Engar vörur í okkar framleiðslu tengjast jafn skýrt veðri og sálarlífi landsmanna og grillvörurnar,“ segir Ólafur Már, sölumaður Kjarnafæðis.

gengið að í frystiborðunum. Auk smávörumarkaðarins sjáum við líka fyrirtækjum í grillþjónustu fyrir hráefni þannig að grillvörurnar

koma við sögu hjá okkur í mörgum myndum á þessum árstíma.“

kjarnafaedi.is

NJARÐARNES 4



STEINSMIÐJA
AKUREYRAR
MINNISMERKI.IS

NJARÐARNES 4

FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND



YFIR 100 VALMÖGULEIKAR
SETJUM UPP Á NORÐURLANDI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐI



Legsteinar - Stuðlaberg
Saltlappar - Steinsnagar



s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

Tugir vöruflokkar tengdir grillinu

„Undir grillvörur Kjarnafæðis má fella á bilinu 50-100 vörunúmer. Þetta eru alls kyns kjötvörur; að stærstum hluta lambakjöt, nautakjöt og svínakjöt, en því til viðbótar pylsur og hamborgarar. Grillvörurnar eru stöðugt að aukast sem hlutfall af framleiðslu fyrirtækisins. En við sjáum mjög greinilega á sölutölunum hjá okkur hvernig tíðarfarið er og sem dæmi þá staðfesta þær að framan af sumri hefur fólk á höfuðborgarsvæðinu ekki fengið margar góðar sólarstundir við grillið. Salan tekur svo kipp þegar sólin brýst fram og hlýnar í veðri,“ segir Ólafur Már og bætir við að bæði sé grilltímabilið lengsta tímabilið í sölu á árstíðabundnum vörum og að sama skapi mesta magnið.

Klassískar grillvörur í bland við nýjungar

Ólafur Már segir að hinn eiginlegi grilltími hefjist um og upp úr páskum og hann nær síðan hámarki um mitt sumar. Strax upp úr verslunarmannahelginni er greinilegt að landinn byrjar að huga að öðru í matargerðinni og fer að undirbúa rútinu haustsins og vetrarins.

„Hins vegar er stór hópur fólks sem grillar langt fram á haustið og við framleiðum marinerað kjöt fyr-



■ Meðal nýjunga í grillmatnum frá Kjarnafæði í ár eru Currasco lamb, Texaskryddaðar grísakótellettur og Chilliosapylsur.



■ Bað í sumarsólinni í Mývatnssveit.

Stefnir í gott sumar í Jarðböðunum

„Gestir Jarðbaðanna voru í fyrra um 218 þúsund og hafa aldrei verið fleiri. Sumarið lítur vel út,“ segir Heiða Halldórsdóttir, markaðsstjóri Jarðbaðanna við Mývatn. Þar á bæ er komin háönn ferðamannatímans og framundan þeir tveir mánuðir þegar aðsóknin hefur verið mest á undangengnum árum.

Stærri veitingaaðstaða

Heiða segir að gestir Jarðbaðanna við Mývatn gefi sér gjarnan góðan tíma í heimsókn sinni til að slaka á og njóta. Veitingastaður Jarðbaðanna er því mikilvægur liður í þjónustunni við gesti, ekki síður en baðaðstaðan sjálf. Þessi hluti starf-



■ Í heild sóttu um 218 þúsund manns Jarðböðin heim í fyrra.

seminnar hefur nú fengið stærra rými.

„Það er endurnærandi fyrir sál og líkama að láta líða úr sér í baðlóninu og eftir baðferðina nýta sér margir það mikla úrval veitinga sem við erum með í Kaffi Kviku. Hér má fá meðal annars súpu og salat, aðra léttu rétti og kaffiveitingar. Við höfum verið að stækka veitingaaðstöðuna hjá okkur og bæta þannig þjónustu við sístækkanandi viðskiptavinahóp,“ segir hún.

Náttúruleg gufa og upplifun

Baðlón Jarðbaðanna er um 2100 fermetrar að stærð og affallslón um 900 fermetrar. Hitinn í lóninu er á bilinu 36-40 gráður að jafnaði en

auk þess og tilheyrandi baðaðstöðu er náttúrulegt gufubað við lónið. Heiða segir að erlendir ferðamenn séu uppistaða gesta Jarðbaðanna við Mývatn enda svæðið fjölsótt árið um kring. Heiða hvetur þá Norðlendinga og aðra landsmenn sem hyggjast ferðast innanlands í sumar að leggja leið sína í Mývatnssveit og njóta þess að virða fyrir sér útsýnið yfir Mývatn úr baðlóninu.

„Það er tilvalið að koma til okkar með með fjölskylduna á góðum sumardeggi og gefa sér góðan tíma til að slaka á og njóta,“ segir Heiða.

jardbodin.is

Starfsfólk Akureyrarapóteks önnur kafið yfir sumarið

Lyfjakistur skipa og báta endurnýjaðar

„Sumarið er skemmtilegur tími, líka í rekstri apóteka. Auk okkar föstu viðskiptavina er mikið um ný andlit, ferðamenn líta gjarnan til okkar, bæði íslenskir og erlendir,“ segir Jónína Freydlís Jóhannesdóttir hjá Akureyrarapóteki í Kaupangi við Mýrarveg. Jónína og Gauti Einarsson eiga apótekið og hafa rekið það frá því síðla árs 2010. Rekstri þess var vel tekið frá fyrsta degi og þykir mörgum Akureyringum fengur að því að geta verslað við heimamenn.

Fara um borð sé þess óskað

Annað verkefni sem starfsfólk apóteksins sinnir að sumarlagi er að endurnýja lyfjakistur skipa. Það á við um báta og skip af öllum stærðum og gerðum.

„Það er töluverð þjónusta hjá okkur í kringum það verkefni, héðan eru gerðir út bæði minni bátar og stærri skip og sjómenn nýta sumarið oft í að láta okkur endurnýja lyfjakisturnar um



■ Fjórir lyfjafræðingar starfa hjá Akureyrarapóteki en þar á meðal er einn frá Póllandi, Anna Katarzyna.

borð,“ segir hún. Starfsmenn Akureyrarapóteks bjóða upp á þá þjónustu að bregða sér um borð í skipin til að yfirfara lyfjakisturnar sé þess óskað. „Við veitum einnig þá þjónustu að taka til minni einingar, svo sem eins og sjúkrakassa í bíla og annað slíkt.“

Sporna við plastnotkun

Fjórir lyfjafræðingar starfa hjá Akureyrarapóteki en þar á meðal er einn frá Póllandi, Anna Katarzyna. Alls voru fimm nýir sumarstarfsmenn ráðnir í sumar, enda er oft mikið að gera og góð og vönduð þjónusta er meðal þess



■ Akureyrarapótek er í verslunar- og þjónustumiðstöðinni Kaupangi.

sem apótekið státar af. Hluti af því er heimsendingarþjónusta sem boðið er upp á hvern dag eftir kl. 16 og þá er alltaf heitt á könnunni á meðan viðskiptavinir doka við.

Starfsfólk Akureyrarapóteks hugar vel að umhverfinu, m.a.

reynir það af megni að sporna við óþarfa plastnotkun og eru plastpokar ekki lengur í boði þar.

akureyrarapotek.is

Spurningar frá minnihluta bæjarstjórnar Akureyrar vegna Málefнасamnings meirihlutans 2018-2022

Málefнасamningur meirihlutans á Akureyri hefur þann galla að ekki er nokkur leið að lesa út úr honum hvað meirihlutinn hyggst fyrir á kjörtímabilinu og því fullkomlega óhæfur sem umræðugrundvöllur um stefnu og áherslur meirihlutans. Minnihlutinn hefur því lagt fram eftirfarandi spurningar sem eru grundvallaðar á innihaldi málefнасamningsins og óskað eftir skriflegum svörum meirihlutans við þeim. Þessi krafa er einnig sett fram fyrir hönd íbúa í bænum svo þeir geti gert sér grein fyrir því hvert meirihlutinn stefnir á kjörtímabilinu.

Fræðslumál í forgrunni

Hvaða fjölbreyttu leiðir eru hugsaðar til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla?
 Hvaða aðferðum verður beitt til að þrýsta á ríkið svo fæðingaorlof verði lengt í 12 mánuði?
 Til hvaða aðgerða ætlar meirihlutinn að grípa til að bæta starfsumhverfi og líðan nemenda og starfsfólks í leik- og grunnskólum?
 Hver er mælikvarði á framúrskarandi menntastofnanir sem aðrir eiga að horfa til?
 Hvernig verða skólastjórnendum gefin aukin tækifæri til faglegar forystu?
 Hvað hindrar skólastjóra í dag í að sinna faglegri forystu?
 Hvað er átt við með að vilja tryggja fjárveitingu til grunnskóla til lengri tíma í senn? Til hversu langs tíma er horft og hvað verður lagt til grundvallar?
 Hvernig á að stytta tíma frá ósk til aðgerða og til hvaða aðgerða er vísað í þessu sambandi?
 Hvernig verða starfshættir nútímavæddir enn frekar?

Frístundabær í femstu röð

Hvenær á að hækka frístundastyrkinn í 50.000 kr.?
 Stendur til að hækka frístundastyrkinn enn frekar og þá hve mikið?
 Hver er pólitíska sýnin á forgangsroðun framkvæmda í íþróttamálunum.
 Verður uppbygging á KA svæðinu fremst í röðinni?
 Hvar verður 50m yfirbyggð keppnislaug í forgangsroðinni?
 Hvernig tilraunaverkefni stendur til að fara í um samfelldan vinnudag yngri grunnskólabarna í samstarfi við frístund með tengingu við íþrótt- og tómstundastarf?

Öflugt atvinnulíf

Hvað skilgreinir sveitarfélag sem ákjósanlegan valkost fyrir fyrirtæki og fjölskyldur?
 Hvað er ætlunin að gera til að uppbygging Akureyrarflugvallar verði að veruleika og að beinu millilandaflugi verði komið á?
 Hvers konar þrýstingi er ætlunin að beita stjórnvöld til að tryggja raforkuflutninga inn á Eyjafjarðarsvæðið?

Þjónusta við aldraða

Hvað felst í því að auka sveigjanleika í þjónustu við eldri borgara?
 Hvernig á að tryggja rekstur Öldrunarheimilanna?
 Hvernig er ætlunin að mæta aukinni þörf fyrir þjónustu við aldraða næstu fjögur árin?

Húsnæði

Með hvaða aðgerðum verður stuðlað að fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis á almennum markaði og félagslegu leiguhúsnæði?
 Hver er áætluð þörf fyrir félagslegt leiguhúsnæði og um hve margar íbúðir verður fjölgað næstu fjögur árin?
 Hvað er átt við með fjölbreyttum búsetuúrræði fyrir fatlaða og hvernig verða þau tryggð?

Fatlað fólk

Á hvaða hátt á að efla skammtíma- og skólavistun fyrir börn með fötlun allt árið?
 Hvað á að bæta í ferliþjónustunni?
 Hvernig verður stuðlað að fjölbreyttum leiðum í atvinnumálum?

Forvarnir

Hvað á að gera til að efla forvarnir og fræðslu?
 Hvaða forvarnir og fræðslu á að efla?
 Hvaða leiðir á að fara til að bæta líðan barna og ungmenna?
 Hvaða stoðþjónusta á að vera aðgengileg innan veggja leik- og grunnskóla?
 Hvernig á að sinna skilvirkri meðferð og þjónustu vegna fíknivanda, ofbeldis og geðsjúkdóma?

Kraftmikið menningarlíf

Hvað á að efla í menningarlífinu?
 Hve mikið á að hækka framlag í menningarsjóð til úthlutunar til listamanna?
 Hvernig eiga menningarstofnanir að vera virkari þátttakendur í starfi fristunda?
 Hvað á að fjölga skapandi sumarstörfum mikið?
 Verður gert ráð fyrir í fjárhagsramma Akureyrarstofu þeim hækkunum sem breytingar á Listasafninu munu hafa í för með sér í leigu eða stendur til að málaflokkurinn hagræði fyrir þessum hækkunum?

Leiðandi í umhverfismálum

Hver er skilgreining á sjálfbærri þróun sem stuðst verður við og hverjar eru helstu aðgerðir sem þarf að grípa til að þróast í átt til sjálfbærni?
 Hvernig á að efla vistvæna samgöngumáta?
 Til hvaða markvissu aðgerða verður gripið til að draga úr svifryksmengun?
 Hver er sýnin á þróun sorphirðukerfis bæjarins?
 Hvernig verður leiðarkerfi Strætó þróað? Hver er tilgangurinn?

Lifandi skipulag

Hvernig er ætlunin að skipulag bæjarins marki framtíðarsýn umfram nýsamþykkt Aðalskipulag 2018 - 2030?
 Hverjar eru skilgreiningar um vistvænan miðbæ?
 Hvað felst í hugtakinu fjárhagsleg skynsemi þegar kemur að uppbyggingu í miðbænum?
 Hvað felst í því að þetta byggð í bland við græn svæði í sátt við íbúana?
 Hvaða aðferðum verður beitt við eflingu íbúalýðræðis og eflingu þátttöku íbúa við mótun og gerð skipulags?

Ábyrg fjármál, stjórnun og rekstur

Til hvaða aðgerða þarf að grípa svo stjórnsýsla Akureyrarbæjar verði faglegri og gegnsærri?
 Hvernig eru vandaðar og raunhæfar kostnaðaráætlanir skilgreindar? Hefur eitthvað skort upp á að kostnaðaráæltanir hafi verið vandaðar og raunhæfar hingað til?
 Hvernig verður barist fyrir réttlátari kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga?
 Hvaða þætti rafrænnar þjónustu er stefnt á að bæta?
 Hvað einkennir jákvætt viðmót og lausnamiðaða þjónustu hjá Akureyrarbæ? eru einhver sérstök verkefni sem lögð verður áhersla á hvað þetta varðar?



MÍDFLOKKURINN



VINSTRI GRÆN

Kirkjumálararnir Snorri og Kristjana

Dvelja meira í kirkju en nokkur prestur!

Þeir eru fáir sem verja jafn stórum hluta lífs síns í kirkju og akureyrsku hjónin og húsamálararnir Snorri Guðvarðsson og Kristjana Agnarsdóttir en þeirra aðalstarf er að mála kirkjur. Flestar þessara gömlu kirkna eru listaverk í hönnun og byggingu og skiptir miklu að til málningavinnunnar sé vandað. Þau Snorri og Kristjana hafa farið vítt og breitt um landið í vinnu sinni á undanföllum árum og áratugum og segir Snorri að í gegnum starfið hafi þau bæði kynnst landinu, kirkjunum og ekki síst eignast fjölda vina meðal þeirra sem að kirkjunum standa.

Þolinmæði þarf að vera endalaus

„Ég hef stundum haldið því fram að ég verji meiri tíma í kirkju en nokkur prestur í landinu,“ segir Snorri hlæjandi. „Við Kristjana erum einu málararnir á landinu sem gefum okkur sérstaklega út fyrir að taka að okkur kirkjumálun. Auk þess að vinna beint fyrir sóknarnefndir viðkomandi kirkna vinnum við mikið í tengslum við Húsafríðunarnefnd og Þjóðminjasafnið. Þessir aðilar benda líka á okkur en þessu starfi fylgir að vera mikið á flakki – gjarnan margar vikur og mánuði í senn í sama verkefninu. Mér vitanlega eru engir aðrir sem fást við þessi sérhæfðu verkefni með þeim hætti sem við gerum,“ segir Snorri en það að mála gamlar kirkjur getur verið vandasamt og ekki á allra færi.

„Mér finnst best að útskýra kirkjumálun og það sem við gerum eins og þrjú mengi sem mætast. Í



■ Snorri Guðvarðsson og Kristjana Agnarsdóttir eru einu húsamálarar landsins sem sérstaklega gefa sig út fyrir kirkjumálun. Verkefni eru bæði sérhæfð og vandasöm en afar gefandi.



■ Kristjana að hreinsa minningartöflu í Hjaltastadakirkju.



■ Bekkir málaðir í kirkjunni á Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi.

einu menginu er málarinn sjálfur, í öðru er svo listfengið og þekking á byggingar- og listasögu. Þriðji hringurinn er fönðrarinn og hann

skiptir hreint ekki minnstu máli því þolinmæði við að mála gamlar kirkjur að innan þarf að vera endalaus. Það getur stundum þurft að



■ Snorri viðarmálar bekkir í Minjasafnskirkjunni á Akureyri.



■ Kristjana málar glugga á Stað í Steingrímsfirði.

nota örmáa pensla, alveg niður í örfáa millimetra á breidd. Fermetrarnir í dagsverkinu geta því oft orðið ansi fáir en smæstu atriðin skipta líka gríðarlega miklu máli í heildarmyndinni. Þetta er gjarnan mikil skrautmálun.“

Upprunalegu litirnir fara best

Snorri segir nauðsynlegt að afla sér þekkingar á byggingarsögu og húsaagerð frá þeim tíma sem viðkomandi kirkja, sem unnið er við, var byggð. Gjarnan eru þetta mjög gömul guðshús og sem þá hafa oft verið máluð í gegnum árin og aldirnar. Það getur því þurft að grafast í orðsins fyllstu merkingu niður í söguna í málningunni og húsinu.

„Maður vex einhvern veginn inn í hvert og eitt hús þegar maður fer að vinna í því. Stundum er eitt-hvað í litasamsetningu sem stingur í stúf og við getum því þurft að hnika litum til, svo betur fari. Það sem við gerum oftast er að skafa inn í innsta lit málningar og finna þannig út hvernig viðkomandi kirkja var máluð í upphafi. Húsafríðunarnefnd og allir í þessum fríðunargeira eru mjög áfram um að færa gömlu kirkjurnar til upprunalegra lita og tilfellið er að það eru yfirleitt þeir litir sem fara þeim best. Oftast eru þetta jarðlitir sem eru ráðandi, t.d. mosagrænir litir og okkurgulur litur, svo tveir algengir séu nefndir,“ segir Snorri og rifjar upp að níu lög af málningu séu það mesta sem hann hafi séð í gömlu húsi. Sýnishorn af þessu er hægt að skoða í glugga á Sóma-stöðum í Reyðarfirði, húsi sem var byggt árið 1875 og er í húsaafni Þjóðminjasafns Íslands.

Fékk kirkjumálningarveiruna á Grund

Snorri og Kristjana eru bæði menntuð húsamálarar en Snorri segist hafa smitast af „kirkjumálningarveirunni“ árið 1976 þegar hann málaði Grundarkirkju í Eyjafjardarsveit. „Þá skynjaði ég að

þetta væri svið í húsamálun sem ég hefði endalausán áhuga á og gaman af að fást við. Á Grund fékk ég meðal annars það verkefni að gera við skemmdir í gamalli málningu frá Möller, sem málaði kirkjuna upphaflega. Þá var ekki um annað að ræða en fara á Amtsbókasafnið, finna bækur um gamlar aðferðir í málun, sem reyndar voru allar á dönsku, og byrja að fíkra sig áfram. Þetta var eins og að þreyfa sig áfram með bundið fyrir augun en smátt og smátt komst maður upp á lag og síðustu þrjú áratugin hafa ég nánast eingöngu verið í kirkjumáluninni. Síðan kom Kristjana inn í þetta með mér eftir að við tókum saman. Hún lærði málaraiðn í Verkmennaskólanum og hefur stafað í þessu með mér síðan,“ segir Snorri.

Hverfum inn í verkefni

- Og eruð þið hjónin alltaf sammála í verkefnum?

„Nei, ekki alltaf og það er einmitt mjög gott. Þá verður til umræða sem leiðir til bestu niðurstöðunnar. Við hverfum eiginlega alveg inn í þessi hús meðan á stendur og okkur þykir óskaplega vænt um allar kirkjurnar sem við höfum fengið að koma að, í gegnum árin. Oft eru húsin í bágbornu ástandi þegar við fáum þau í hendur, en breytast mikið við að fá nýja málningu. Þetta eru gjarnan víðamikil og kostnaðarsöm verkefni fyrir fámennar sóknir og því mikið átak að ráðst í gagngerar endurbætur eins og málunin er. Það er samt allur gangur á því hversu stór verkefni þetta eru; allt frá einhverju afmörkuðu upp í heilmálun að innan og utan,“ segir Snorri og segir að á starfsferlinum hafi hann komið að málu á 50 kirkjum á Íslandi.

„Þess utan eru svo torfbærir og önnur fríðuð hús sem krefjast sérhæfðrar málningavinnu,“ bætir hann við.

Snorra verður orðavant þegar hann er spurður hvort einhver ein kirkja af þeim sem hann hefur málað í gegnum tíðina sé í uppáhaldi öðrum fremur. „Nei, ég held að það sé mjög erfitt fyrir mig að gera upp á milli þeirra. Vallakirkja í Svarfáðardal er eftirminnileg og Skinnastaðarkirkja í Öxarfirði sömuleiðis, en það var fyrsta kirkjan sem við Kristjana máluðum saman. Enda kom ekki annað til greina en að gifta okkur þar þegar við létum verða af því,“ segir Snorri og bætir við að þau hjón uni því vel að vera daga langa í kirkjum. „Við hlustum mikið á tónlist á meðan við erum að mála og einbeitum okkur að verkefninu. Svo er heilagur andi auðvitað alltaf með okkur! Það segir sig sjálf.“



AKUREYRARAPÓTEK

AKUREYRARAPÓTEK ER OPIÐ ALLA DAGA ÁRSINS

Virkir dagar	opið	9-18
Laugardagar	opið	10-16
Sunnudagar	opið	12-16
Helgidagar og rauðir dagar (almennir frídagar)	opið	12-16



www.akap.is • Kaupvangur v/ Mýrarveg • sími 460 9999



KÆLISMIÐJAN FROST EHF.

Ferskt eða frosið - alla leið.



Alhliða þjónusta og heildarlausnir,
hönnun og uppsetning smárra jafnt
sem stórra kæli- og frystikerfa.

Frysti- og kæligeymslur, kæli- og frystiklefar, frysti-, kæli- og eldvarna-
hurðir, veggeiningar, kæli- og frystiklefar, frystipressur, kælivélasam-
stæður, tölvukælar, kælimiðilsdælar, lausfrystar, lokar og stjórnbúnaður,
brauðunar- og fullvinnslulínur, plötufrystar, sjálfvirkir láréttir plötufrystar,
eimsvalar, mjólkurtankar, loftpurkarar, RSW kerfi, varahlutir og margt
fleira...

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölningata 4b, 603 Akureyri
Sími +354 464 9400
Fax +354 464 9401

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20, 210 Garðabæ
Sími +354 464 9400
Fax +354 464 9402

frost@frost.is
www.frost.is

Samstarfsaðilar: PF Frost, Færeyjum

Miðaldadagar árið 1318!

Hvernig væri að bregða sér til miðalda? Kannski til ársins 1318? Það verður hægt á Gásum rétt utan við Akureyri á Miðaldadögum dagana 20.-22. júlí.

Gásir voru einn helsti verslunarstaður á Norðurlandi á miðöldum. Hvergi eru varðveittar jafn miklar mannvistarleifar frá verslunarstað frá þessum tíma. Árlega færast líf og fjör á verslunarstaðinn sem er endurskapaður á tilgátusvæði með tilheyrandi miðaldamannlífi. Hátiðin hefur verið haldin árlega síðan 2003. Í fyrstu voru þar 3 konur í einu tjaldi en í ár verða þar um 90 Gásverjar við leik og störf og búist er við um 2000 gestum.

Á Miðaldadögum gefst tækifæri til að upplifa fortíðina og verslunarstaðinn á blómatíma hans, hitta Gásverja, kynna handverki og daglegum störfum, jafnvel fá að prófa eitt og annað. Bóðið er upp á leiðsagnir um fornleifasvæðið og tilgátusvæðið, Vandræðaskáld verða ekki með vandræði heldur með leikrænar sögustundir. Það slær hins vegar reglulega í brýnu milli bardagamanna Rimmugígs og Gásverjar bregða á með leik og söng. Gapastokkurinn verður óspart nýttur fyrir glæpamanninn og gefst gestum tækifæri til að grýta hann með eggjum. Þó ekki fúlum - þó hann verði fúll! Vonandi verður hann ekki fyrir Gásalækninum sem helst vill aflíma alla.

Auk viðburðanna verða fjölmargir handverksmenn að störfum



■ Gásakaupstaður vaknar til lífsins á Miðaldadögum.



■ Um 90 Gásverjar eru við leik og störf á Miðaldadögum.



■ Það getur slegið í brýnu milli bardagamanna Rimmugígs.

og tónlistarfolk glæðir svæðið lífi í takt við leikþætti og taktfastan slátt eldsmiða. Annálaritari Gása hant-erar skinn og saman búa gestir og Gásverjar til nýjan kafla í annál þessarar skemmtilegu fortíðarhátiðar.

Þú hefur heyrt um 2 fyrir 1 en hvað með 3 fyrir 1? Aðgangsnestið gildir nefnilega í alla þrjá miðaldadagana sem eru 20.-22. júlí frá kl. 11-17.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Minjasafnsins á Akureyri og á Facebooksíðu miðaldadaga á Gásum.

minjasafnid.is

**MERINO
ULLAREFATNAÐUR
FYRIR ALLA
FJÖLSKYLDUNA**

JANUS
NORWAY
since 1895

Ullarkistan
WWW.ULLARKISTAN.IS

LAUGAVEGI 25 & SKEIFUNNI 3B
REYKJAVÍK

GLERÁRTORGI
AKUREYRI

Verzlunin Valrós

Kristján hættir eftir 52 ár í kaupmennsku

Kristján Skarphéðinsson eigandi verslunarinnar Valrósar og heildverslunarinnar Amaro í Viðjúlundi 2 á Akureyri hættir starfsemi í lok ágústmánaðar og lýkur þar með 52 ára ferli í kaupmennsku á Akureyri. Viðskiptavininum bjóðast þessar vikurnar allar þær vönduðu húsbúnaðarvörur sem verslunin Valrós hefur á boðstólum á góðum afsláttarkjörum en Kristján segist alla tíð hafa litíð á þjónustu við viðskiptavininn og gott verð sem reglu kaupmannsins númer eitt, tvö og þrjú. Ánægja viðskiptavina gangi fyrir og samskipti við viðskiptavinina eru honum ofarlega í huga þegar löngum kaupmennskuferli lýkur.

19 ára í sölumennsku

Foreldrar Kristjáns stofnuðu á sínum tíma klæðagerðina Amaro á Akureyri og keyptu síðan verslun Baldvins Ryel við Hafnarstræti. Þar var síðan byggt upp mikið verslunarhús sem Akureyringar þekkja enn í dag undir nafninu Amarahúsið. Kristján byrjaði að vinna 19 ára gamall hjá föður sínum sem sölumaður í heildverslun Amaro og hún hefur fylgt honum alla tíð síðan. Þó verslunarrekstur Amaro sé löngu horfinn hélt Kristján alla tíð áfram starfsemi heildverslunarinnar og hafa bæði verslanir, hótél og veitingastaðir landsins notið þjónustu hans. Við fráfall eiginkonu Kristjáns fyrir fáum árum tók hann við verslun hennar, Valrós, sem var í Amarahúsinu við Hafnarstræti og rak hana þar allt þar til fyrir tveimur árum að hann flutti starfsemi í Viðjúlund.

Verzlunarfermetrar of margir á Ísland

Kristján segir að margt hafi sannarlega breyst frá því hann hóf störf sem sölumaður í Amaro árið 1966.

„Á þessum tíma voru höftin að hverfa og inn á markaðinn voru að koma vörur sem almenningur á Íslandi hafði ekki átt kost á að kaupa. Því fylgdu auðvitað miklar breytingar en líka hitt að gengisfellingar voru á þessum árum tíðar og þar af leiðandi þurfti stöðugt að vera að uppfæra verðlistana,“ segir Kristján en honum hefur alltaf verið kappsmál að viðskiptavinir upplifi það að þeir séu að fá góðar vörur á góðu verði. Samkeppni hafi oft verið hörð.

Aðspurður um verslun nútímans segist Kristján þeirrar skoðunar að alltof margir fermetrar og stór húsakynni séu að baki verslunum í dag. Það hljóti að koma fram í verðlaginu.

„Við sjáum mjög skýr merki um þetta í verslunarmíðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu en ekki bara þar heldur líka á Suðurnesjum, Selfossi og hér á Akureyri. Þetta er breyting sem orðið hefur frá aldamótum en ég held að miðað við höfðatölu þá séu verslunarfermetrar á Íslandi orðnir alltof margir,“ segir Kristján sem er vafalítið sá starfandi kaupmaður á Akureyri sem lengstan starfsaldur hefur. Hann býður viðskiptavinum velkomna í verslunina

Valrós vikunnar fram til loka ágústmánaðar og segist þess fullviss að þar geti viðskiptavinir fundið góðan húsbúnað á óvanalega góðu verði.

Opið er í Valrós alla virka daga kl. 13:30 til 18.



■ Kristján Skarphéðinsson er meðal allra reynslumestu kaupmanna landsins, enda búinn að vera í starfinu í meira en hálfa öld.



■ Fram til ágústloka ætlar Kristján að selja vörur á verulegum afslætti í Valrós.



Þetta er ekkert
venjulegt beikon
þetta er íslenskt
LAMBABEIKON
- eitthvað sem þú verður að smakka



Við mælum með að þú eldir lambabeikonið þannig að það verði stökkt. Það er hægt að gera á grillinu í ofninum eða á pönnunni.

Kjarnafæði leggur höfuðáherslu á gæðamál, með virðingu við menn og umhverfi að leiðarljósi. Því er markvisst unnið að vörubrúun á hreinum vörum án óþolsvalda, viðbættis sykurs og aukefna. Kjötíðnaðarmeistarar Kjarnafæðis hafa hlötið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir færni sína ásamt því að fyrirtækið getur státað af margskonar gæðavottunum, bæði innlendum og erlendum.

Kjarnafæði hf.
Svalbarðseyri
601 Akureyri
Sími 460 7400
kjarnafaedi.is

Í bæjarstjórn samhliða kaupmennskunni

Mikil tækifæri til að gera betur fyrir Akureyri

segir Þórhallur Jónsson í Pedromyndum



■ Þórhallur Jónsson, kaupmaður í Pedromyndum segir mikil tækifæri fyrir Akureyri í framtíðinni og horfir ekki hvað síst til Akureyrarflugvallar í því sambandi. Meiri og fjölbreyttari afþreyingu vanti einnig fyrir ferðafólk sem bæinn sækir heim.

„Þegar maður sér mikil tækifæri fyrir bæjarfélagið og finnst þau ekki vera nýtt þá vill maður gera sitt til að bæta úr. Þess vegna ákvað ég að taka skrefið og bjóða fram mína starfskrafta í bæjarstjórn. Ég ber auðvitað sterkar taugar til Akureyrar og finnst við eiga fallegasta bæ landsins. Það er ekkert flóknara,“ segir Þórhallur Jónsson, kaupmaður í Pedromyndum á Akureyri sem tók í vor sæti í bæjarstjórn Akureyrar fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Þórhallur er fæddur og uppallinn Akureyringur og hefur verið í kaupmennsku í miðbænum allan sinn starfsaldur. Hann segir meðal annars nauðsynlegt að byggja upp meiri afþreyingu fyrir ferðamenn sem sækja bæinn heim, tryggja að fyrirtækjum standi lóðir og aðstaða til uppbyggingar til boða hverju sinni, nýta þau viðskiptatækifæri sem í Akureyrarflugvelli felast og gera Akureyri mun sýnilegra sem sveitarfélag í fararbroddi á landsbyggðinni.

Afþreyingu verður að byggja upp

„Við Akureyringar trúum því að við séum mest og best en erum samt að mínu mati ekki að standa okkur gagnvart t.d. uppbyggingu í ferðamennsku. Við erum góð í því að markaðssetja Akureyri sem bæ og fá bæjarfélög hafa byggt upp jafn sterkt orðspor. Hins vegar vantar verulega upp á möguleika til afþreyingar í bænum fyrir ferðafólk og það verður til þess að ferðamenn hafa styttri viðdvöl hjá okkur en annars væri. Ég fæ mikinn fjölda ferðamanna inn í verslunina til mín árið um kring sem eru að spyrjast fyrir um afþreyingartækifæri og vil geta bent á meira hér í bænum, ekki bara í byggðunum hér í kring. Vissulega höfum við frábæra hluti á borð við Sundlaug Akureyrar og ég fagna mjög að loksins skuli lyfturnar í Hlíðarfjalli vera opnar að sumri til svo að fólk geti notið útsýnis-, hjólréiða- og gönguferða á því svæði. En við þurfum að gera svo miklu betur í afþreyingaruppbyggingunni og þar þarf Akureyrarbær að standa sig til að hafa alla

umgjörð í lagi hvað varðar skipulagsmál og annað og hvetja aðila til nýsköpunar á þessu sviði. Ég get í þessu sambandi nefnt Græna hattinn sem dæmi um frábærlega heppnaða hugmynd sem hefur vakið athygli á Akureyri um allt land og langt út fyrir landsteinana. Í mínum huga er því engin spurning að tækifærin eru fyrir hendi. Við þurfum fyrst og fremst að nýta þau,“ segir Þórhallur.

Akureyrarflugvöllur risavaxið tækifæri

Beint millilandaflug til og frá Akureyri hefur verið keppikefli um margra ára skeið og það segir Þórhallur afar brýnt. „Ég sé ekkert nema viðskiptatækifæri í því að byggja Akureyrarflugvöll upp. Það ætti líka að vera búið að byggja nýja samgöngumiðstöð þar sem við gætum verið með upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Það fyrirkomulag sem er í afgreiðslu á strætó í dag er ekki bodlegt. Úrbótum á þessu hefur enn ekki verið komið í verk þó að samgöngumiðstöð hafi verið á stefnuskrá á síðasta kjörtímabili. Þetta eru

bara fáein dæmi um atriði sem þarf að laga og mér fannst ég ekki getað setið hjá lengur jafnvel þó að það sé meira en nóg að gera í fyrirtækisrekstrinum alla daga. En maður vill umfram allt sjá Akureyri blómstra sem bæ. Það er númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Þórhallur.

Pedromyndir eru í miðbæ Akureyrar þangað sem mikill fjöldi fólks leggur leið sína á hverjum degi, bæjarbúar sem og gestir bæjarins. Þórhallur segir að líkt og víðar hafi verslun gefið eftir á miðbæjarsvæðinu. „Í miðbænum er verk að vinna og ég verð að viðurkenna að ég hef áhyggjur af því ef þróunin heldur áfram í sömu átt. Gisting í kjarna miðbæjarins hefur aukist verulega síðustu ár á kostnað verslunar og þjónustu, sem er ekki góð þróun. Á þessu sviði sem öðrum er tækifæri til bæta úr,“ segir Þórhallur.

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



**Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!**
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja sendingu af ilmstrám og ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á [facebook](#)

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

Steinsmiðja Akureyrar býður yfir 100 gerðir legsteina

Viljum að viðskiptavinir séu fullkomnlega ánægðir

„Okkar aðaláhersla er á gæði og góða þjónustu, við leggjum mikinn metnað í að okkar viðskiptavinir séu fullkomlega ánægðir,“ segir Birnir Vignisson sem ásamt konu sinni, Sunnevu Árnadóttur rekur Steinsmiðju Akureyrar. Fyrirtækið er til húsa við Njarðarnes 4 og býður yfir 100 gerðir legsteina, en efniviðurinn kemur víða að úr heiminum; frá Indlandi, Kína og Ítalíu, auk heimalandsins, Íslands.

Að ýmsu að huga

Birnir segir gæði skipta höfuðmáli þegar kemur að vali á legsteinum, þeim sé ætlað það hlutverk að standa lengi og þola veður og vinda yfir langan tíma. Því sé mikilvægt að vanda valið.

„Fólk þarf að huga að ýmsu við valið. Granít er harðasta efnið og veðurþolnasta steintegundin sem í boði er,“ segir hann. Auk þess að velja úr hvaða efni steinninn er þarf að skoða undirstöðuna og hlutfall steinsins, hvernig skrifað er eða málað á hann og nota réttu málninguna sem og vönduð efni við límingu þegar hann er járnbundinn. Hið sama gildi um blómaramma sem stundum eru settir framan við steininn. Það er æskilegt að þeir séu járnbundnir og límdir á hornum.



■ Birnir Vignisson og Sunneva Árnadóttir reka Steinsmiðju Akureyrar sem býður yfir 100 gerðir legsteina.

Hjá Steinsmiðju Akureyrar fá viðskiptavinir allar nauðsynlegar ráðleggingar og geta einnig nálgast ítarlegar upplýsingar á vefsíðu fyrirtækisins. Fjölbreyttir fylgihlutir, eins og lugtir, blómavasar og fuglar úr kopar eru í boði en Birnir segir fólk gjarnan vilja búa ástvinum sínum fallegt umhverfi í sinni hinstu hvílu.

Frágangur og frír flutningur

„Legsteinn er persónulegur minnisvarði og margir koma til okkar með eigin hugmyndir eða tillögur og við smíðum eftir þeim. Þjónustan er því á persónulegum nótum og þannig viljum við hafa það,“ segir Birnir. Að lokinni smíði býður fyrirtækið upp á þá þjónustu á Norðurlandi og höfuðborgarsvæðinu að setja steinana upp í kirkju-

garði og annast allan frágang í kringum þá. Flutningur á legsteinum er frír um land allt.

Steinsmiðja Akureyrar flytur einnig inn svonefnda saltlampa frá Himalajafjöllum í Pakistan og njóta þeir ávallt vinsælda, en birta þeirra þykir einstök, einkum í samræðingunni. Ný vara, mynjangripur úr fjörusteinum sem nefnist A Rock from Iceland og þróaður hefur verið hjá Steinsmiðjunni hefur einnig fengið góðar viðtökur, m.a. sem minjangripur meðal ferðamanna eða tækifærisgjöf.



■ Nýjasta framleiðsla Steinsmiðjunnar eru mynjangripur úr fjörusteinum sem nefnist A Rock from Iceland.

minnismarki.is



■ Harpa Hermannsdóttir hefur starfað hjá Halldóri úrsmið á Glerártorgi frá því á liðnu hausti þegar hún flutti á ný heim til Akureyrar eftir níu ár dvöl í Danmörku og Svíþjóð. Hún kann starfinu vel.

Harpa Hermannsdóttir starfar hjá Halldóri úrsmið á Glerártorgi

Líflegt starf og gefandi samskipti við viðskiptavinir

„Þetta hefur verið ótrúlega skemmtilegt, starfið er líflegt og því fylgja gefandi samskipti við marga. Mér var líka fljótlega treyst fyrir því verkefni að panta inn fyrir verslunina, einnig minniháttar viðgerðum á úrum eins og að skipta um rafflöður og einnig á keðjum. Þannig að þetta er mjög fjölbreytt starf og gaman að sinna því,“ segir Harpa Hermannsdóttir sem starfar hjá Halldóri Ólafssyni úr og skartgripum á Glerártorgi.

hjá Halldóri úrsmið og látið vel af starfinu. Hún var að hætta og Harpa greip tækifæri og lét vita af sér, sótti um starfið og fékk. „Ég hafði lítið verið úti á vinnumarkaði á meðan við bjuggum erlendis og fannst tilvalið að finna mér starf þar sem hægt væri að eiga samskipti við fólk. Það er skemmt frá því að segja að mér líkar stórvel við þetta starf, Halldór er einkar góður yfirmaður og starfið er fjölbreytt og skemmtilegt,“ segir Harpa.

Setja upp vefsíðu

Hjá Halldóri úrsmið er í boði úrval af úrum af öllu tagi sem og skartgripum en Harpa nefnir m.a. fallegar íslenskar hönnunarvörur sem njóta vinsælda í gjafapakkana, til að mynda frá Sif Jakobs og Sign.

Um þessar mundir er unnið að því að setja upp vefsíðu hjá fyrirtækinu Halldorursmiður.is, en alla tíð hefur fólk hvarvetna af landinu beint viðskiptum sínum til versunarinnar. Þjónustan eykst með tilkomu vef- og sölusíðunnar, en þá er hægt að skoða úrvalið áður en pantað er.

Kaus starf sem felur í sér samskipti við fólk

Harpa bjó í Danmörku og Svíþjóð með fjölskyldu sinni um níu ára skeið, en eiginmaðurinn Hallgrímur Jónasson, Húsvíkingur að upplagi, lék þar knattspyrnu. „Ég var mest heima, sá um börnin og heimilið og það var ekki laust við eftir svona langa fjarveru að ég væri komin með smá heimþrá. Það varð úr að ég flutti heim á liðnu hausti og Hallgrímur kom um jólin, skrifaði undir samning við KA sem hann spilar með núna í sumar,“ segir hún.

Vinkona Hörpu hafði starfað

Canon

EOS 2000D

með 18-55 mm linsu.

Taska og 8GB kort fylgir.

Topp vél á frábæru verði!

Verð aðeins **79.900 kr.**



EOS 4000D

með 18-55 mm linsu.

Taska og 8GB kort fylgir.

Verð aðeins **64.900 kr.**

EOS 200D

með 18-55 mm linsu.

Taska og 8GB kort fylgir.

Verð aðeins **99.900 kr.**



Lítill og nett vél!

Úrval af Canon linsum og aukahlutum

Pedromyndir

Skipagata 16 | www.pedromyndir.is






VINNUR ÞÚ?

Áfram Íslandskek verður með skafmiðaleik í allt sumar.

Í hverjum einasta pakka er skafmiði og þú gætir átt möguleika á að vinna:



iPhone X



65" Samsung 4K UHD



Weber A1200 gasgrill

Jói útherji
KNATTSPYRNUVERSLUN

Landsliðstreyja að eigin vali frá Jóa Útherja



Adidas FIFA World Cup Glider

Gillette

Gillette gjafakörfur



Icwear með tvær verslanir á Akureyri

„Það er mikið að gera og gaman í þessum bransa, enda blússandi aukning og uppgangur ennþá á flestum sviðum í ferðaþjónustunni hér,“ segir Aðalsteinn Árnason, rekstrarstjóri Icwear á Akureyri, en fyrirtækið opnaði nýja verslun á Oddeyrartanga í vor til að geta sinnt enn betur vaxandi fjölda farþega skemmtiferðaskipa sem leggja leið sína inn á Eyjafjörð og til Akureyrar.

„Hér hefur orðið mikil aukning ferðamanna frá síðasta ári með tilheyrandi söluaukningu sem skýrist að hluta til af komum fleiri og stærri skemmtiferðaskipa hingað, jafnframt því sem öðru ferðafólki hefur líka fjölgað,“ segir Aðalsteinn sem hefur séð um verslunarrekstur Icwear síðastliðin fjögur ár á Akureyri. Lengst af var fyrirtækið bara með eina búð í miðbænum, í Hafnarstræti 106 sem gert var myndarlega upp fyrir nokkrum árum og er nú bæjarprýði. Í maí sl. var önnur verslun opnuð niður á Oddeyrartanga til að þjónusta farþega skemmtiferðaskipanna.

Langur og sveigjanlegur opnunartími

„Það er opið frá 10-18 alla virka daga á Oddeyrartanganum og svo bara eftir hentugleikum, eftir því hvenær skipin leggja að og hvenær þau fara,“ segir Aðalsteinn, á meðan búðin í Hafnarstræti er opin

alla daga frá 8-22. Þar er á sólríkum dögum hægt að færa verslunina þar út á pall á bakvið húsið sem skapar skemmtilega markaðsstemningu. Aðspurður segir Aðalsteinn að erlendu ferðamennirnir kaupi næstum allt milli himins og jarðar, allt frá litlum minjagripum með segli upp í flottustu ullarpeysur og útivistarfatnað sem völ er á, „enda erum við að selja mjög góða vöru á mjög samkeppnishæfu verði, sér í lagi þegar gengi er eins og það er núna. Þá kunna viðskiptavinir vel að meta okkar hagstæða og góða verð og það er gaman að spjalla við allt þetta áhuga-verða fólk sem er víða að og af ólíku þjóðerni.“



■ Aðalsteinn Árnason, rekstrarstjóri Icwear á Akureyri við nýja verslun fyrirtækisins á Oddeyrartanga.

Rekstur beggja búðanna á Akureyri gengur glimrandi vel en auk þeirra er Icwear með 11 aðrar verslanir víðs vegar um landið. Þar á meðal er stór verslun sem allt of fáir vita um að sögn Aðalsteins í Vík í Mýrdal, þar sem fyrirtækið rekur einnig eina stærstu þrjónaverksmiðju landsins. Í henni er unnið mikið af vörum úr íslensku ullinni, bæði peysur í miklu úrvali og fylgihlutir á borð við sokka, trefla og vettlinga, ásamt teppum og fleiru. Icwear flytur einnig inn

mikið af útivistarfatnaði sem framleiddur er erlendis en hannaður hér heima með íslenskar aðstæður í huga.

Fatnaður sem hentar vel fyrir Íslendinga

„Útivistarfatnaður hannaður á Íslandi hlýtur að henta vel fyrir Íslendinga,“ segir Aðalsteinn, enda fari íslenskum viðskiptavinum sífellt fjölgandi. „Við erum með útivistarlínu fyrir bæði fullorðna og börn á mjög hagstæðu verði sem

spannar allt frá ullarnærfatnaði upp í skeljar og fódraðar úlpur, sem er einmitt það sem nauðsynlegt er í íslenska sumartíðarfarinu,“ segir Aðalsteinn Árnason, rekstrarstjóri Icwear á Akureyri, nú þegar sumarleyfistíminn fer í hönd sem margir nýta til að fara í útilegur, í gönguferðir eða njóta náttúrunnar með einhverjum öðrum hætti.

icwear.is

Heimili skálda og skáta á Akureyri

Akureyri státar af tveimur skálda-söfnum, Nonnahúsi og Davíðshúsi. Hið fyrrnefnda er eitt af kennileitum Akureyrar en það síðara leynda perlan í safnaflórunni.

Heimili Davíðs Stefánssonar

Davíðshúsið er heimili Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi sem þar bjó til dánardags 1964. Tíminn hefur staðið í stað í Davíðshúsi og eins og von sé á skáldinu innan



■ Hús Davíðs Stefánssonar er vert að heimsækja.



■ Nonnahús var bernskuheimili barnabókahöfundarins Jóns Sveinssonar.



■ Sýningin Skátar á Akureyri í 100 ár er sumarsýning Minjasafnsins á Akureyri.



■ Það er líft og tíminn hafi staðið í stað í Davíðshúsi og að von sé á skáldinu að skrifborði sínu á hverri stundu.

skamms. Davíð var sannkallaður fagurkeri á fleira en orðsins list. Húsakynninn bera smekkvísi hans glögg merki, full af bókum, listaverkum og persónulegum munum, blanda af listasafni, minjasafni og heimili.

Viðburðaröðin Allar gáttir opnar verður í Davíðshúsi í sumar eins og áður. Í ár verður húsið vettvangur fyrir ungt tónlistar- og ritlistarfólk í bland við fyrirlestra Valgerðar Bjarnadóttur um ýmsa þætti í lífi og verkum Davíðs. Einnig verður Guðmundur Ármann með

listaverkaleiðsögn um húsið. Það er eins gott að fylgjast vel með samfélagsmiðlum og heimasíðu Minjasafnsins á Akureyri, minjasafnid.is. Enn er meira að segja opið fyrir ungt listafólk að nota Davíðshús sem vettvang. Í sumar verður Davíðshús einnig opið á laugardögum.

Nonnahús og Minjasafnið í Innbænum

Nonnahús er bernskuheimili barnabókahöfundarins og jesúitaprestsins Jóns Sveinssonar, Nonna. Húsið er eitt af kennileitum Akur-

eyrar og hefur að geyma mikla sögu lítils drengs sem hélt í óvenjulegt ferðalag aðeins 12 ára gamall. Ferðalagið stendur raunar enn því bækur hans sem hafa verið þýddar í yfir 40 löndum eru enn að koma út.

Á sömu lóð og Nonnahús er Minjasafnið á Akureyri. Þar eru bæði sjóskrímsli og tjaldbúðir! Sjóskrímslin og stofa kortagerðarmannsins tengjast sýningunni Land fyrir stafni þar sem fágæt kort af Íslandi frá 1547-1808 ber fyrir sjónir en hvert kort ber eigin leyndardóm.

Tjaldbúðir á safni eru óvenjulegar en þegar setja á upp sýningu um skáta eru þær hins vegar edlilegar. Minjasafnið á Akureyri og Skátafélagið Klakkur standa í sameiningu að sýningunni Skátar á Akureyri í 100 ár svo úr verður skemmtilegt skátamót með tilheyrandi tjöldum og gripum. Þjóðminjasafn Íslands lánar svo leynigestinn.

minjasafnid.is

VALRÓS

BÚSÁHÖLD & GJAFAVARA

Eftir 21 árs farsælan rekstur verslunarinnar Valrós, þá er komið að þeim tímamótum að verslunin hættir.

Rýmingarsalan er enn í gangi og mun standa til 31. ágúst 2018.

Sjón er sögu ríkari, Verið velkomin.

Viðjulundi 2b - Rauðakrosshúsinu | 462 2833
Opið mánudaga - föstudaga kl. 13:30 - 18:00

Norðlenska í nýjan búning!

Norðlenska matborðið ehf., sem er eitt öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru með höfuðstöðvar á Akureyri, stendur nú fyrir umfangsmiklu átaki til að kynna betur til leiks vörumerkið sitt, Norðlenska, á smásölumarkaði og bjóða í því sambandi upp á fjölda nýjunga í kjötvörum í sumar.

„Það eru ekki allir sem átta sig á því að við framleiðum bæði Norðlenska og Goða vörurnar og því var ákveðið í ársbyrjun að kynna þessi vörumerki okkar enn betur til leiks á smásölumarkaði og skapa um leið aðgreiningu á milli þessara vörumerkja,“ segir Heimir Már Helgason, markaðsstjóri Norðlenska matborðsins.

Áhersla á ferskleika og íslenskan uppruna

Heimir Már segir að samhliða aukinni vöruþróun hafi fyrsta skrefið í þessari vegferð verið að kynna bæði nýja ásýnd og umbúðir fyrir vörumerkið Norðlenska með áherslu á ferskleika, íslenskan uppruna og breitt og spennandi vöruúrval í bæði lambakjöti, nautakjöti og grísakjöti.

„Við vitum að neytendur eru að kalla eftir gæðavöru, helst með íslenskan uppruna og á sanngjörnu verði. Við vitum líka að þeir vilja fjölbreytni enda er það af sem áður var að bara ein tegund af kjötmeti sé á boðstólum við kvöldmatarborðið eða í grillveislunni,“ segir



■ Heimir Már Helgason, markaðsstjóri Norðlenska.



■ Hver nýjungin af annarri lítur dagsins ljós í kjötvörum frá Norðlenska.



■ Grillspjótin eru tilvalin á góðum sumardegi.

Heimir Már. Sem dæmi um nýjungar sem boðið er upp á í sumar nefnir hann Norðlenska grillspjót, nautafilé í Alabama kryddlegi, lambainnlæri í Venesíu kryddlegi, grísahnakka með beikon og

pipar, beinlausa lambalærissteik með gremolatakryddi, lambamiðlærissneiðar í Marrakech-kryddlegi, Norðlenska hamborgara fyllta með beikoni, gráðaosti eða chilli og Norðlenska lambaborgara með sér-

völdum íslenskum kryddjurtum, s.s. blóðbergi, birkilaufi, hvönn og fjallagrösom.

„Goði heldur svo að sjálfsögðu áfram að vera „alltaf góður“ og bæði pylsur, álegg, frostvara og þorramatur heldur áfram að vera undir merkjum hans,“ bætir Heimir Már við.

Í eigu kjötframleiðenda á Norður- og Austurlandi

Auk höfuðstöðva er Norðlenska með stórgripasláturhús og kjötvinnslu á Akureyri. Þar starfa að jafnaði um 100 manns við fjölbreytt störf en meginframleiðslan er ferskvara fyrir innlendan markað. Á Húsavík er starfrækt sauðfjársláturhús og sérhæfð kjötvinnsla fyrir sauðfjárafurðir og á

Höfn í Hornafirði er einnig sauðfjársláturhús og grófvinnsla á lambakjöti. Þá er starfrækt átta manna söludeild í Kópavogi. Stöðugildi eru að meðaltali um 165 hjá fyrirtækinu en hann tvöfaldaðast á meðan sláturtíð stendur á haustin.

Norðlenska matborðið ehf. varð til þann 1. júlí árið 2000 þegar Kjötíðnaðarstöð KEA og Kjötíðjan Húsavík sameinuðust og ári síðar festi fyrirtækið kaup á þremur kjötvinnslum Goða hf. Eigandi Norðlenska er Búsæld, félag kjötframleiðenda í Eyjafirði, Þingeyjar-sýslum og á Austur- og Suðausturlandi.

nordlenska.is

Miðaldadagur á Gásu

20.-22. júlí 2018

11:00 - 17:00



Aðgangseyrir:

Fullorðnir: 1600 kr. • 15 ára og yngri: 800 kr.

Börn minni en miðaldasverð: Frítt.

Fjölskyldumiði: 5000 kr. (2 fullorðnir og 3 eða fleiri börn)



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRÁ



LISTASUMAR
AKUREYRI ART SUMMER





■ Fjölbreyttar smá- og gjafavörur til heimilisins.



■ Gott rúm er mikils virði.

Húsgagnahöllin, Dorma og Betra bak undir sama þaki

Góð staða í efnahagslífi eykur staðgreiðslu vörunnar

„Það hefur verið mikið að gera hjá okkur. Útsölu hjá Húsgagnahöllinni er að ljúka um helgina og við tekur útsala hjá Dorma og Betra baki. Þannig að það hefur verið mikill erill og mjög góð verslun,“ segir Kristinn Þórir Ingibjörnsson verslunarstjóri hjá þessum þremur verslunum sem eru undir sama þaki í rúmgóðu húsnæði við Dalsbraut á Akureyri.

Ný lína væntanleg síðsumars

Kristinn segir að verslanirnar bjóði fjölbreytt úrval, en Húsgagnahöllin eins og nafnið gefur til kynna býður húsgögn af ýmsu tagi, Dorma er með rúm og sófa í aðalhlutverki og keppir að hluta til þegar að verði kemur við þær verslanir sem bjóða lágt verð en Betra bak býður upp á vönduð og endingargóð rúm. Þá í Húsgagnahöllinni í boði fjölbreytt smávara til að prýða heimilið. „Útsalan hefur gengið vel og við erum enn að bjóða smávöruna á einkar hagstæðu verði. Til stendur að taka inn nýja línu eftir verslunarmannahelgi og viljum fyrir alla muni bjóða þá eldri á eins góðum kjörum og unnt er. Það má segja að smávaran hafi fyrir vikið rokið út síðustu vikur,“ segir hann.

Raðgreiðslur á undanhaldi

Kristinn segir að Akureyringar og nærsveitingar þeirra séu iðnir við að líta við og þá ekki hvað síst þegar útsölur eru. Góð sala hefur verið í rúmum undanfarið, margir hafa komið við og skoðað en stökkva svo til þegar varan býðst á góðum kjörum. „Það er greinilegt að efnahagsástandið er ágætt um þessar mundir, flestir greiða vöruna út í hönd, raðgreiðslur og lán eru á miklu undanhaldi. Það virðast flestir geta leyft sér eitthvað,“ segir hann.

Árið í fyrra var mjög gott að sögn Kristins, mikil sala og merkir hann ekki annað en yfirstandandi ár verði álíka gott. „Við náum sennilega ekki að toppa fyrra ár. Það er aðeins að róast, t.d. í kringum ferðabjónustuna. Við sjáum það m.a. á sölu á rúmum þar sem hámarkinu virðist hafa verið náð.“



■ Kristinn Þórir Ingibjörnsson verslunarstjóri.



■ Húsgögn í miklu úrvali.



■ Húsgagnahöllinni, Dorma og Betra bak eru undir sama þaki við Dalsbraut.

husgagnahollin.is

dorma.is

betrabak.is

Júlía Þrastardóttir gullsmiður á Akureyri

Sérhæfir sig í gamla víravirkinu

„Mín aðaláhersla er gamla víravirkið og ég sérhæfi mig í því, en ég hef líka verið að kenna þetta forna handbragð og hef farið um allt land til að kenna það,“ segir Júlía Þrastardóttir gullsmiðameistari. Hún lauk gullsmiðanámi árið 2009 og hlaut meistaraðindi árið 2011. Þá hefur hún stundað nám í Flórens á Ítalíu þar sem hún lærði skraut/leturgröft og steinaísetningu að hætti Flór-ensbúa. Júlía tók þátt í Norðurlandakeppni í gullsmíði ár eftir að hún lauk námi og endaði þar í öðru sæti. Hún er með vinnustofu og verkstæði að Tryggvabraut 24 á Akureyri.

Þrívíddarprentun á Handverkshátíð

Þjóðháttarfélagið Handraðinn í Eyjafirði fékk Júlíu í samstarf í tengslum við hönnun og framleiðslu á nýjum skúfhólk við íslenska þjóðbúninginn. Markmiðið var að hægt væri að nota hann dagsdaglega og að hann væri á viðráðanlegu verði. Júlía hefur undanfarið unnið að hönnun á þessum nýja skúfhólk og mun í samvinnu við Þjóðháttarfélagið Handraðann, Fab Lab á Akureyri og Handverkshátíðina í Eyjafjarðarsveit kynna hann á hátíðinni. „Við ætlum okkur að vera í samvinnu með þetta verkefni, ég teiknaði skúfhólkinn og þeir hjá Fab Lab sem kynna sína starfsemi á hátíðinni munu svo að segja í beinni útsendingu þrívíddarprenta hann meðan á hátíðinni stendur,“ segir hún.



■ Tilvalið er fyrir gesti Akureyrar og bæjarbúa að bregða sér fræðsluferð með leiðsögn um húsið í sumar.

Leiðsögn um Hof

Menningarhúsið Hof dregur jafnan að sér fjölda ferðamanna að sumri sem vetri og í sumar verður boðið upp á leiðsögn um húsið alla fimmtudaga. Jónína Björt Gunnarsdóttir söngkona er leiðsögumaður og fræðir hún gesti um sögu hússins um leið og gengið er um króka og kima þess. Þátttakendur fá því að kynna húsinu, fræðast um hönnun þess, starfsemina sem í því er og líf ungs listamanns á Akureyri. Farið verður í Hamraborg, Hamra, förðunarherbergið og upp-tökuver hússins svo fátt eitt sé nefnt sé nefnt.

Skoðunarferðirnar eru 45 mínútna langar og verða í boði alla fimmtudaga til 2. ágúst. Hægt er að kaupa miða í Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Hofi en ferðirnar eru kl. 17 á fimmtudögum en leiðsögn á ensku kl. 16.

mak.is

Nauðsynlegt að fylgja þróuninni

Júlía segir að þó gaman sé að halda í gamlar og fornar hefðir og mikilvægt að þær gleymist ekki sé jafnframt nauðsynlegt að fylgja þróuninni og þetta sé næsta skref í þá átt. Til stendur síðan að bjóða skúfhólkinn til sölu á Handverkshátíðinni. Júlía segir að vissulega kosti íslenski þjóðbúningurinn sitt, skúf-



■ Júlía Þrastardóttir í djuls.is með skartgripi sína. Hún ætlar að sýna á Handverkshátíðinni í Eyjafjarðarsveit í ágúst.



■ Listaverk verður til í höndum gullsmiðsins.

hólkur til að mynda leggur sig á 40 til 110 þúsund krónur. Sá sem hún hefur hannað og prentaður verður á Handverkshátíðinni verður á mun viðráðanlegu verði og einnig verður hægt að kaupa pakka þar sem uppskrift af þrjónaðri hversdagshúfu, efnid í hana og hólkurinn verður í.

Júlía er á fullu að undirbúa sig fyrir hátíðina þar sem áherslan verður á þjóðbúninginn og víravirkið, námskeið næsta vetur verða kynnt og „margt meira spennandi sem kemur betur í ljós á hátíðinni sjálfri,“ segir Júlía.

djuls.is

handverkshatid.is

Allt fyrir tónlistarmanninn!



Velkomin í nýja og glæsilega
verslun okkar að Glerárgötu 30



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Síðumíla 28 | 108 Reykjavík | Sími 4155488
www.hljodfærahusid.is

Stofnað
1916



TÓNABÚÐIN

Glerárgötu 30 | 400 Akureyri | Sími 442 1415
www.tonabudin.is

Stofnað
1966

„Áfram ÍslandskeX“

„Sumarsmellurinn hjá okkur er nýtt súkkulaðikex með slagorðinu, „Áfram ÍslandskeX,“ segir Ingólfur Gíslason verkmiðjustjóri hjá Kexsmiðjunni, en um þessar mundir lítur enn ein nýjungin dagsins ljós hjá fyrirtækinu, súkkulaðikex sem að því leyti er frábrugðið því sem fyrir er á markaði að í nýja „Áfram Ísland“ kexinu er heilheiti.

Ingólfur segir að kexið sé um það bil að fara á markað. Kexsmiðjan hefur um árabíl boðið viðskiptavinum upp á súkkulaðikex með vanillubragði með heitinu ÍslandskeX og hefur landinn sporðrennt slíku kexi í miklu magni. Í tilefni af HM-ævintýri Íslendinga fangar Kexsmiðjan nú stemninguna í kringum það og setur á markað nýtt heilheitisúkkulaðikex.

Stöðug vörubrún

Ingólfur segir að innan fyrirtækisins sé stöðugt unnið að vörubrún og með reglulegu millibili boðið upp á nýjar vörur í bland við þær sem þegar hafa unnið sér sess á



■ Ingólfur Gíslason, verkmiðjustjóri hjá Kexsmiðjunni með nýjustu vöruna sem á vel við í sumar; Áfram ÍslandskeX.

markaði. Fyrirtækið er þekkt fyrir gæðasætabrauð sem gott er að grípa í með kaffinu, en til viðbótar bætti Kexsmiðjan við vörvalið fyrir nokkrum misserum og býður nú vörur úr hollustulínu sinni, Hrökkbita. „Það er okkar svar við kröfum markaðarins, fólk hugsar æ meira um hvað það borðar og vill hafa val,“ segir hann. Hrökkbitinn er sykurlaus, mjög trefjaríkur og féll frá fyrsta degi í kramið hjá viðskiptavinum.

Góðar viðtökur á markaði

Kexsmiðjan er komin á þrítugsaldurinn. Fyrirtækið var stofnað á Akureyri árið 1996 og segir Ingólfur að það hafi átt því láni að fagna að neytendur hafi tekið vörum þess einkar vel. Áhersla er lögð á hefðbundið kaffibrauð eins og kanelnúða, múffur og súkkulaðikex og á þeim ríflega tveimur áratugum sem félagið hefur starfað hefur sífellt bæst við vörvalið enda stöðug þróun í gangi í þeim efnunum.

kexsmidjan.is

Akureyringar einstakir bílaáhugamenn

„Sú aðstaða sem við erum að byggja upp þessi árin á svæði klúbbsins ofan Akureyrar á sér fáar hliðstæður hjá akstursíþróttaklúbbsi þó leitað sé víða um heim. Hvergi svo ég viti til er að finna akstursíþróttasvæði í jafri bæjar af þessari stærð þar sem hægt er að keppa í greinum allt frá drulluspurnu, torfæru og yfir í kvartmílu í sérhönnuðum brautum. Þessi uppbygging er viðamikil verkefni fyrir klúbbinn en ég er algjörlega sannfærður um að hún mun efla okkar starf og fjölga keppendum frá Akureyri á komandi árum í ýmsum greinum akstursíþróttar,“ segir Einar Gunnlaugsson, formaður Bílklúbbs Akureyrar sem var stofnaður árið 1974 og telur í dag um 1200 félagsmenn í heild. Klúbburinn er um þessar mundir að fjölga uppbyggðum spyrnubrautum á svæði sínum og byggja hringakstursbraut fyrir t.d. driftakstur sem er mjög vinsæl grein í dag. Frá náttúrunnar hendi hefur klúbburinn síðan torfærubraut á félagssvæðinu.

Bílasýning með áratuga hefð

Í aðdraganda stofnunar Bílklúbbs Akureyrar á sínum tíma hafði hópur manna staðið að bílasýningu á þjóðhátíðardaginn þar sem sjá mátti tryllitæki og glæsivagna í bland. Bílasýningin varð því kveikjan að stofnun klúbbsins sem síðan hefur starfið vaxið og orðið fjölbættari. Enn þann dag og æ síðan hefur bílasýningin á 17. júní verið fastur liður í starfinu en hin síðari ár hluti af svokölluðum Bíladögum á Akureyri sem er hátíð bílaáhugamanna og keppnishald í bílatengdum greinum. Einar segir Bíladaga skipta klúbbinn miklu máli.

„Það reynir mikið á klúbbinn í kringum Bíladagana enda viðburðurinn stór og kallar á mikla vinnu félagsmanna. Uppbygging á svæðu



■ Sandspyrna á svæði Bílklúbbs Akureyrar.

Myndir: Árni Már Árnason



■ Bíladagar eru hápunktur starfs klúbbsins á hverju ári, bæði keppnishald og bílasýningin sem á sér áratuga hefð á 17. júní á Akureyri.



■ Einar Gunnlaugsson, formaður Bílklúbbs Akureyrar, segir þá aðstöðu sem klúbburinn er að byggja upp á svæði sínu í jafri bæjarins eiga sér fáar ef nokkrar hliðstæður í heiminum.

inu okkar ofan Akureyrar er kostnaðarsöm, sem og rekstur svæðisins og klúbbsins í heild og Bíladagar hjálpa okkur að gera þessa uppbyggingu mögulega,“ segir Einar.

Fjölmennti akstursíþróttaklúbbur landsins

Bílklúbbur Akureyrar er fjölmennta akstursíþróttafélag landsins og eitt það elsta. Klúbburinn á keppnisbrautir ofan Akureyrar og þriðjungshluti í öfluggerði sem þar er rekið og nýtt til öfluggerðis. Á vegum klúbbsins eru haldnar um 20 akstursíþróttakeppnir á hverju ári, þar á meðal stór mót í torfæru-

akstri en tvisvar hafa Norðurlandamót í torfæruakstri verðið haldin á Akureyri og stefnir klúbburinn á að sækja um slíkt mót árið 2020.

„Bílasýningin og torfærukeppnirnar voru þeir viðburðir sem komu Bílklúbbsi Akureyrar á flug en allt frá upphafi hefur klúbburinn verið á margan hátt leiðandi í akstursíþróttum og bílatengdum viðburðum á Íslandi. Við státum af mestri fjölbreytni á þessu sviði í einum klúbbsi hér á landi en hvort sem það er sýningarhaldið, Bíladagar, fornbíladeildin okkar eða annað í starfinu þá tengist þetta allt saman akstursíþróttum með einhverjum hætti.

Til dæmis er stór hópur mótorhjólafólks innan okkar raða líka og síðan er þessi tenging okkar við öfluggerðis og starfsemi öfluggerðisins. Allt tengist þetta hvað öðru,“ segir Einar.

Flugslysið markaði djúp spor

Þann 5. ágúst árið 2013 varð hörmulegt flugslys á kvartmílu-braut Bílklúbbs Akureyrar þegar þar brotlendi sjúkraflugvél Mýflugs með þrjú menn innanborðs. Félagsmenn og áhorfendur voru á brautinni og keppni í undirbúningi þegar slysið varð en tveir þeirra sem í vélinni voru fórust. Til lánsins slasaðist enginn á jörðu niðri. Einar segir þennan atburð hafa markað djúp spor í starf Bílklúbbs Akureyrar í framhaldinu.

„Þetta var hörmulegt slys og mikið áfall fyrir klúbbinn og félagsmenn en þarna misstum við gjaldkera klúbbsins og góða félag okkar. Í framhaldinu varð til góðgerðarsjóður innan klúbbsins sem við söfnum í með keppni á hverju hausti og höfum styrkt Hollvina-samtök Sjúkrahúsins á Akureyri með fjárframlögum og höfum styrkt kaup á búnaði í sjúkraflugvélina sem við tók. Slysið markaði mjög djúp spor í okkar félagsmannahóp sem fólk hefur verið að

vinna úr en þessi atburður líður aldrei úr minni.“

Akureyringar vilja eiga fallega bíla

Þó tímarnir breytist og bílarnir með þá segir Einar að bílaáhugi muni alltaf verða til staðar og nýjar kynslóðir taka við af þeim eldri. „Ég ólst upp við aðdáun á átta gata tryllitækjunum en yngsta kynslóð okkar félagsmanna í dag var meira í aftursætunum á BMW,“ segir hann og hlær. Hann segir að alltaf njóti fornbílnir mikillar virðingar og frábært starf sé unnið á því sviði innan klúbbsins, sem t.d. er vel sýnilegt Akureyringum og gestum bæjarins á miðvikudagskvöldum í sumar þegar fornbílar aka um götur og hópast síðan saman við menningarhúsið Hof í óformlegri sýningu.

„Það er staðreynd að Akureyringar eru sérstaklega áhugsamir um bíla, vilja eiga fallega bíla og hugsa vel um þá. Bílklúbbur Akureyrar er sönnun þessa mikla bílaáhuga en hvers vegna þetta er svona ríkt í Akureyringum hefur aldrei fengist útskýrt. Hluti þess er kannski sá að okkur hefur lánast að halda salti frá götum í bænum á veturna og svo hjálpar okkur að á sumrin er þurrara hjá okkur en á höfuðborgarsvæðinu og oftar hægt að njóta þess að gera vel við bílinn og fara út að keyra í góðu veðri,“ segir Einar og telur enga ástæðu til að ætla bílaáhugi hverfi þó mögulega taki rafmagnsökutæki í vaxandi mæli við.

„Ég hef engar áhyggjur af því. Við finnum rafmagnsbílunum bara einhverjar akstursíþróttir til að hafa gaman af þeim. Þetta breytist bara eins og annað. Sem dæmi þá voru gömlu Willy's jepparnir grunnurinn að torfærubílunum en það er fátt líkt með þeim í dag. Bílar verða áhugamál nýrra kynslóða um ókomin ár. Það er engin hætta á öðru.“

Lindex leggur mikla áherslu á sjálfbærni og umhverfisvernd

„Lindex hefur lagt mikla áherslu á sjálfbærni og hefur undanfarin 12 ár unnið að þeim markmiðum að vera sjálfbærasta og umhverfisvænasta fyrirtækið á þeim markaði sem það starfar á,“ segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir rekstrarstjóri Lindex á Íslandi. „Þeim markmiðum hefur verið náð að mörgu leyti og áfram mun fyrirtækið vinna að því að halda þessari stöðu.“

Leggja umhverfisverndinni lið

Nýlega kom út tólfta sjálfbærnisráðgjafir fyrirtækisins og þar er árangri síðustu ára á þessu sviði gerð góð skil ásamt því að kynnt eru ný markmið. Meðal þess sem fram kemur í skýrslunni er að 95% af bómull sem notuð er í fatnað frá Lindex er framleidd með sjálfbærum hætti. Fyrirtækið kynnti verkefnið „Even Better Demin“ sem snýst um framleiðslu á gallabuxum sem aldrei áður hefur verið jafn sjálfbær og nú, einungis tveir lítrar af vatni eru nýttir til framleiðslunnar. Eins kynnti Lindex verkefnið „We Women by Lindex“ sem hefur það markmið að vinna með kynjajafnrétti í aðfangakeðjunni og kröfur eru gerðar um góðar vinnuástæður.

Lóa Dagbjört nefnir einnig að stofnaður hafi verið umhverfissjóður, tekin var upp gjaldtaka fyrir poka undir varninginn og rennur allur ágóði af honum til góðgerðar-



■ Verslun Lindex er á Glerártorgi á Akureyri.

samtaka sem vinna við hreinsun umhverfisins.

Ný stefna, ný bylting

Lóa Dagbjört segir að fyrirtækið hafi nú kynnt nýja stefnu og boði til nýrrar byltingar.

„Lindex vill efla konur, draga úr stressvaldandi þáttum í lífi þeirra og veita þeim innblástur. Margar konur eru undir miklu álagi við að mæta þeim kröfum sem þær sjálfar

og samfélagið gera til þeirra. Við viljum ekki auka þessar kröfur með því að búa til óraunhæfa ímynd um hvernig þær eigi að líta út,“ segir hún. Vinna er nú þegar hafin við hina nýju stefnu og leitar fyrirtækið til viðskiptavina sinna meðal annars með þá spurningu hvernig það geti veitt þeim innblástur, gert líf þeirra betra og auðveldara.

Fyrirsætur gefi raunhæfa og jákvæða mynd af konum

„Við höfum þróað og kynnt lausnir eins og Bravolution og Pants solution þar sem val á rétta brjósthaldaranum og rétta buxnasniðinu er gert auðveldara. Einnig höfum við aukið vöruúrvalið okkar í fleiri stærðum svo allar konur finni eitthvað við sitt hæfi. Þá höfum við lagt áherslu á að þær fyrirsætur sem við vinnum með gefi raunhæfa og

jákvæða mynd af því hvernig konur líta út. Við viljum stuðla að því að öllum konum líði vel með sjálfa sig og þær finni hversu velkomnar þær eru þegar þær koma í verslanir okkar. Við munum halda áfram þessari vinnu og leggja áherslu á að leita til viðskiptavina okkar um hvernig Lindex getur færst nær þessum markmiðum,“ segir Lóa Dagbjört.



■ „Við höfum lagt áherslu á að þær fyrirsætur sem við vinnum með gefi raunhæfa og jákvæða mynd af því hvernig konur líta út. Við viljum stuðla að því að öllum konum líði vel með sjálfa sig og þær finni hversu velkomnar þær eru þegar þær koma í verslanir okkar,“ segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, rekstrarstjóri Lindex á Íslandi.

lindex.is

Sláðu til!

Mikið úrval af sláttuvélum, sláttutraktorum, sláttuorfum, hekkklippum, róbótum og keðjusögum.

WOLF Garten
ECHO



Sláttuvélar
Bensín, rafhlöðu og rafmagns

frá kr
16.900



Sláttutraktorar
Með og án safnkassa

frá kr
329.000



Sláttuorf
Bensín og rafmagns

frá kr
4.990



Hekklippur
Topp gæði frá Echo

frá kr
56.990



Slátturóbótar
Frábær nýjung.
Algjörlega sjálfvirkur

frá kr
125.000



Keðjusagir
Bensín og rafmagns

frá kr
29.900

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Fjölbýlishúsabygging á Glerhúsreitnum á Akureyri

Minni íbúðirnar seldust upp á fáeinum dögum

Á svokölluðum Glerhúsreit við Drottningarbraut á Akureyri eru nú að rísa þrjú fjölbýlishús með samtals 36 íbúðum sem allar verða tilbúnar í haust eða byrjun vetrar. Lóðin er númer 26 við Hafnarstræti en byggingaraðili er fyrirtækið H-26 ehf. á Akureyri. Kári Arnór Kárasen er forsvarsmaður þess og segir hann að strax í fyrstu vikunni eftir að íbúðirnar voru settar í sölu hafi allar minnstu íbúðirnar selst. Þetta staðfesti þá miklu þörf sem sé á húsnæðismarkaði fyrir litlar og hagkvæmar íbúðir.

„Kaupendahópurinn er blandaður. Bæði er um að ræða ungt fólk sem er að kaupa sér sína fyrstu eign og við sjáum líka fólk sem er að skipta niður úr stærra húsnæði,“ segir Kári Arnór en aðeins eru níu íbúðir í fjölbýlishúsunum þremur óseldar.

„Áhuginn á minni íbúðunum var meiri en ég átti von á. Það virðist vera að þegar útborgun í nýja íbúð er á bilinu tvær til fimm milljónir króna þá er kaupendahópurinn stór. Þegar svo aftur er komið í stærri íbúðirnar og útborgun er 10 milljónir króna og þar yfir þá breytist hópurinn verulega og samanstendur frekar af fólki sem er að losa sig úr öðrum eignum. Ég á því von á að þær stærri íbúðir sem eftir eru hjá okkur seljist á næstu mánuðum þegar fer að nálgast afhendingu,“ segir Kári.

Staðsetning og gamalgróid hverfi skipta máli

Við hönnun húsanna segir Kári að tekið hafi verið mið af húsaerðinni í kring. Útlit nýju húsanna sé því blanda af gamaldags og nýmóðins útliti. Íbúðirnar eru í fjórum stærðarflokkum, þ.e. tólf tveggja herbergja íbúðir, átján þriggja herbergja íbúðir í tveimur stærðarflokkum og sex fjögurra herbergja íbúðir. Minnstu íbúðirnar eru alls 53 fm og þær stærstu eru 136 fm.

„Við heyrum á okkar kaupendum að staðsetningin í jaðri miðbæjarins skiptir máli og líka að húsinn er í gamalgrónu íbúðahverfi. Síðan nefnir fólk að þetta séu kjöraðstæður fyrir þá sem vilja ferðast sem mest um á reiðhjóli og við lögðum einmitt áherslu á það í hönnun húsanna með sérstökum hjóla- og vagnageymslum þar sem eru góðar geymslur fyrir reiðhjól. Auðvelt er að hjóla í bæinn og nú eru komnir reiðhjólástígar alveg fram í Hrafnagilshverfi. Við lögðum líka upp með að bjóða vandaðar íbúðir og að þær yrðu allar í byggingu samhliða. Íbúðirnar verða þannig allar tilbúnar á stuttum tíma nú á seinni hluta ársins,“ segir Kári Arnór.

h26.is



■ Húsin eru sem óðast að taka á sig mynd. Íbúðirnar 36 verða afhentar á haustdögum.

Nýtt met slegið í Háskólanum á Akureyri

„Talsvert meiri aðsókn en við áttum von á“

„Við reiknuðum með nokkurri fjölgun umsókna þar sem tveir árgangar koma nú úr framhaldsskólum en það verður að viðurkennast að fjöldi umsókna var talsvert meiri en við áttum von á,“ segir Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri en aukning nýrra umsókna um nám við skólann er umtalsvert meiri en í öðrum háskólum landsins. Alls sóttu 2.160 manns um nám við skólann en það er aukning um 30% frá árinu 2017. Á síðustu fimm árum hefur aðeins einu



■ Eyjólfur Guðmundsson, háskólarektor.



■ Nýnemar við Háskólann á Akureyri verða fleiri en nokkru sinni í haust.

sinni orðið fækkun í nýjum umsóknum milli ára.

Eyjólfur segir samsetningu nýnemaumsókna með svipuðum hætti og undanfarin ár, t.d. hvað varðar kynjaskiptingu og skiptingu milli suðvesturhornansins og annarra svæða landsins. Þó er merkjanleg aukning í fjölda umsókna frá suðvesturhorninu. „Mikill meirihluti nýnema kemur sem fyrr frá landsbyggðarsvæðunum en hlutfallið er nú 65% á móti 35%,“ segir Eyjólfur.

Ásókn í lögreglunámið

Eyjólfur segir að nám í lögreglufræðum sem hófst við Háskólann á Akureyri árið 2016 hafi gengið vel en líkt og jafnan þurfi að sníða ýmsa agnúa af í ljósi reynslunnar. „Fyrirkomulag lögreglunámsins er nýtt frá grunni og framkvæmt þannig að við sjáum um bóklega þáttinn en Mennta- og starfspróunarsetur lögreglu við embætti rík-

islögrelustjóra um verklega hlutann. Það sem hefur komið okkur mest á óvart er þessi mikli áhugi sem er á náminu,“ segir Eyjólfur en auk tveggja ára grunnnáms er boðið upp á þriðja árið til BA prófs í lögreglufræðum og á því er einnig mikill áhugi. „Þetta er ánægjulegt og sýnir okkur að mikil þörf var á að endurskipuleggja lögreglunám- ið.“

Meiri fjárveitingar nauðsynlegar

Í kjölfar mikillar ásóknar í nám við Háskólann á Akureyri segir Eyjólfur nauðsynlegt að fara yfir málið með menntamálaráðuneytinu og það samtal er raunar hafið. Aukinn fjöldi nemenda kallar á auknar fjárveitingar.

„Við höfum tekið upp samkeppnispróf í sálfræði og lögreglufræðum, til viðbótar við slíkt fyrirkomulag sem áður var komið á í hjúkrunarfræði. Það er aldrei svo að allir skili sér til náms sem sækja

um að vori en þrátt fyrir það erum við komin yfir þann fjölda nemendaígilda sem okkur er úthlutað. Við eigum þess vegna í viðræðum við yfirvöld enda getum við ekki tekið við nemendum sem ekki fylgja fjárveitingar. Þetta er hins vegar ekki ný umræða því við höfum undirbúning strax í fyrra þegar fyrirjárnlegt var að umsóknum myndi fjölga. Líður í þeim aðgerðum var að taka samkeppnisprófin upp,“ segir Eyjólfur.

Samfélagsbreytingar kalla á umræðu um hlutverk háskólanna

Almennt séð telur Eyjólfur að umræða verði að eiga sér stað hér á landi um þróun háskólanáms til framtíðar.

„Samfélögin eru að breytast hratt, sér í lagi í hinum vestræna heimi. Við vitum að mörg störf munu leggjast af á komandi árum og áratugum án þess að við vitum námkvæmlega hvers konar menntun er þörf á í staðinn. Stóra spurningin er sú hvernig við ætlum að undirbúa ungt fólk og fólk almennt til að mæta breytingunum. Í Finnlandi hefur sú stefna til dæmis verið tekin upp að háskólar eru endurmenntunarkerfi og ef þekking fólks „úreldest“ á vinnu- markaði þá hefur það aðgang að háskólunum til að endurmennta sig til nýrra starfa. Ég hef stundum tekið sem dæmi að í mínu fyrra starfi hjá tölvuleikjafyrirtæki starf- aði ég sem hagfræðingur í greiningardeild þar sem voru tveir ómenntaðir einstaklingar, einn heimsspekingur, einn hagfræðingur, tveir markaðsfræðingar og tveir tölvunarfræðingar. Þetta sýnir ágætlega að við vitum ekki fyrirfram hvað unga fólk mun gera við sína menntun í framtíðinni né hvaða menntun nýtist hvar. En eftir stendur sú pólitíska spurning hversu mörgum eigi að hleypa í háskóla á hverjum tíma. Þetta er umræða sem þarf að taka.“

Nýjar reiðhjólavörur
Hraðamælar Lásar Körfur Bjöllur Brúsar Ljós

Flottar Basil töskur á bögglabera, stýri og undir sætið

Því ekki að endunýja sætið fyrir sumarið. Varahluta og viðgerðapjónusta.

Skíðapjónustan
Fjölnisgata 4b | Akureyri | Sími 462 1713

BE WARM BE WELL

KRÍA | Hybrid Jacket
ISK 18.990.-

SALKA | Hiking leggings
ISK 9.490.-



ICEWEAR STORES

REYKJAVÍK AUSTURSTRÆTI 5 · ÞINGHOLTSSSTRÆTI 2-4 · LAUGAVEGUR 1 · SKÓLAVÖRDUSTÍGUR 38 ·
LAUGAVEGUR 89-91 **OUTLET** · FÁKAFEN 9 **OUTLET** · AKUREYRI HAFNARSTRÆTI 106 · VÍK Í MÝRDAL
AUSTURVEGUR 20 · VESTMANNAEYJAR BÁSASKERSBRYGGJA 2 · **WEBSTORE** ICEWEAR.IS

ICELANDIC DESIGN
SINCE 1972

Velkominn norður!



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Deloitte.



BAUGSBÓT EHF. FROSTAGATA 1B, 603 AKUREYRI
KT. 430298 - 2169 VSK.NR. 57284

ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORÐURLEIÐ

HJALTEYRARGÖTU 10 • 600 AKUREYRI
Sími: 5 500 700 • Fax: 5 500 701
HJALLAURAUNI 2 • 220 HAFNARFIRÐI
Sími: 5 500 770 • Fax: 5 500 771
sba@sba.is • www.sba.is



FERÐASKRIFSTOFA
AKUREYRAR

RAFEYRI
alltaf í stúði!

**RIT
FO
RM**

JB EHF ÚR&SKART
Kaupvangsstræti 4 - 600 Akureyri - Sími 462 5400 - www.jb.is



ATVINNUPRÓUNARFÉLAG
EYJAFJARÐAR

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

samskip

KPMG

MOTUL Á ÍSLANDI



SAMHERJI HF



BAKARÍÐ VIÐ BRÚNA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

síðan 1987



KVÓTINN

Leikhúsbrúin tekur á sig mynd

Brú við Drottningarbraut á Akureyri er nú sem óðast að taka á sig mynd en hún er hluti af göngu- og hjólréiðastíg sem lagður var fyrir tveimur árum frá miðbæ Akureyrar fram að Akureyrarflugvelli. Brúin er staðsett framan leikhússins á Akureyri og hefur gengið undir vinnheitinu 2. Samkvæmt verksamningi á byggingu brúarinnar að vera lokið fyrir 31. júlí næstkomandi en samkvæmt upplýsingum frá Akureyrarbæ liggur ekki fyrir hvenær formlegur vígsludagur hennar verður en miðað er við að hann verði í ágústmánuði.

Hafist var handa eftir áramót við grjótvörn, malarfyllingu og að reka niður undirstöður úr harðvið og í framhaldinu var smíði brúarinnar sjálfrar boðin út. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er um talsvert mannvirki að ræða sem setur mikinn svip á miðbæjarsvæðið á Akureyri.

Eins og áður segir er brúin hluti af göngu- og hjólastíg frá miðbæ Akureyrar að Akureyrarflugvelli. Búið er að byggja upp framhald á stígnum að mörkum Eyjafjarðarsveitar og tengja þannig við 7 km göngu- og hjólastíg sem liggur frá bæjarmörkum Akureyrar að Hrafnagilshverfi. Stígurinn er verkefni sem Vegagerðin og Eyjafjarðarsveit standa að í sameiningu og var byggður upp í haust og vetur. Stígurinn verður malbikaður síðsumars eða í haust og verður þar með hægt að fara á malbikuðum stíg milli Hrafnagilshverfis og miðbæjar Akureyrar sem er um 12 km löng leið.



■ Smíði Leikhúsbrúarinnar, eins og hún hefur í daglegu tali verið nefnd, stendur nú sem hæst.



■ Brúin er mikið mannvirki og setur talsverðan svip á miðbæjarsvæði Akureyrar.

Stóra fótboltahelgin á Akureyri

Knattspyrnan tekur öll völd á Akureyri þessa helgina og mikill fjöldi fólks sækir bæinn heim vegna N1 mótsins á félagssvæði KA og Pollamótsins á félagssvæði Þórs.

N1 mótið hófst á hádegi sl. miðvikudag og því lýkur með úrslitaleikjum síðdegis á morgun, laugardag. Liðin á mótinu eru 188 talsins og keppendur því um 2000 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Lið í fimmta flokki taka þátt en þetta er í 32. sinn sem KA heldur mótið, sem er það fjölmennasta sem haldið er hér á landi.

Á félagssvæði Þórs hefst Pollamótið í dag en þar eru keppendur öllu eldri. Þetta er í 31. sinn sem Þór heldur mótið en því lýkur með sannkölluðum stórdansleik í Boganum annað kvöld þar sem Studmenn sjá um að halda uppi studinu fram á rauða nótt.

Rúbín
kaffi

Kaffitíminn er okkar fag

nýja kaffibrennslan

Ný salarkynni Listasafnsins opnuð á 25 ára afmælinu

Þann 25. ágúst næskomandi verða liðin 25 ár frá opnun Listasafnsins á Akureyri og þann dag verða endurbætt og ný salarkynni safnsins opnuð við hátíðlega athöfn. Framkvæmdir hafa staðið yfir í safninu frá því á síðasta ári en byggður var nýr inngangur að safninu, þar sem m.a. verða safnbúð og kaffihús en byggingin tengir einnig hús Listasafnsins við Ketilhúsið, svo úr verður ein heild. Nýir sýningarsalir Listasafnsins verða á fjórðu hæð en einnig verður mikil breyting á möguleikum til safnkennslu og tækifæri skapast á fastri sýningu með verkum í eigu safnsins.



■ Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.



■ Einkasýning Akureyringsins Sigurðar Árna Sigurðssonar verður meðal þeirra sýninga sem opnaðar verða á afmæli Listasafnsins.

Sjö sýningar við opnun

Í tengslum við opnun nýrra og endurbættra húsakynna Listasafnsins verður blásið til mikillar lista-hátíðar með opnun 6 nýrra sýninga í söllum safnsins. Þar af eru einkasýningar á verkum Sigurðar Árna Sigurðssonar og Adalheiðar Eysteinsdóttur, yfirlitssýning á verkum Listasafns ASÍ, sýning á verkum í eigu Listasafnsins á Akureyri, sögusýning um atvinnustarfsemina sem var í Gilinu á fyrri tíð og sýning Hjördísar Frímenn og Magnúsar Helgasonar sem sérstaklega er ætluð börnum.

„Til viðbótar er svo sýningu Anítu Hirlekar sem opnuð var í Ketilhúsinu í maí þannig að þetta verða í allt sjö sýningar sem standa misjafnlega lengi – sýningin um sögu Gilsins þó lengst, eða til 18. apríl 2021,“ segir Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.



■ Pannig mun Listasafnið verða útlítandi þegar framkvæmdum lýkur og breytt húsnæði verður tekið í notkun á afmæli safnsins þann 25. ágúst.



■ Sýning Anítu Hirlekar er í sumar í Ketilhúsinu.

Bylting á aðstöðu

Hlynur segir það mikinn og merkan áfanga að Listasafnið fagni nú 25 ára afmæli og það með svo veglegum hætti sem raun ber vitni. „Hér verður gjörbylting í allri aðstöðu með endurbótum á húsnæðinu. Inngangurinn verður á jarð-



■ Verk eftir Hjördísi Frímenn. Hún er annar tveggja listamanna sem eiga verk á barnasýningu safnsins sem opnuð verður á vígsludaginn í ágúst.

hæð, lyfta í húsinu upp á efri hæðir, kaffihúsið og safnbúðin skapa nýtt andrúmsloft en síðast en ekki síst opnast okkur tækifæri til mun fjölbreyttari sýninga en áður. Fyrir utan stórbætta aðstöðu til safn-

kennslu sem er mikilvæg gagnvart öllum skólum bæjarins, allt frá leikskólastigi til Háskólans á Akureyri. Á mjög mörgum sviðum má því segja að algjör bylting verði fyrir okkur með þessum stórkostlegu breytingum á húsnæðinu,“ segir Hlynur og til marks um breytinguna á sýningaraðstöðu þá verða sýningarsalirnar 12 eftir breytingarnar en voru þrjú áður, auk Ketilhússins.

„Stærsta breytingin er að við erum að taka alla efstu hæðina í notkun og gaman að nefna að þegar Listasafnið var opnað fyrir 25 árum var talað um að innan fárra ára yrði efsta hæðin tekin í notkun innan fárra ára og sá stóri áfangi er nú loks í sjónmáli. Tengibyggingin við Ketilhúsið gerir líka að verkum

að hægt verður að ganga hring um húsakynnin, auk þess að fá þennan miðpunkt sem kaffihúsið verður í húsinu,“ segir Hlynur.

„Safnið er í hjarta miðbæjarins og ég er sannfærður um að aðdráttarafl safnsins á ferðamenn mun aukast verulega. Bæjarbúar geta sannarlega verið stoltir af safninu og listaverkum bæjarins sem hér verða alltaf til sýnis. Ég er ekki í vafa um að Listasafnið á Akureyri er með þessum breytingum orðið ein af helstu skrautfjöðrum Akureyrar, rétt eins og Akureyrarkirkja, Lystigarðurinn, Sundlaug Akureyrar, Hof, Leikhúsið, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Hlynur.

listak.is



Baðaðu þig í sumarsól á Akureyri!



Opnunartími í sumar: Kl. 06:45-21:00 virka daga laugardaga kl. 08:00-21:00, sunnudaga kl. 08:00-19:30


Listasumar á Akureyri

Sýning á verkum Stórvals í Hofi

Liður í dagskrá Listasumars á Akureyri í sumar er sýning á verkum Stefáns V. Jónssonar í menningarhúsinu Hofi. Sýningin er haldin í tilefni þess að þann 24. júní síðastliðinn voru 110 ár liðin frá fæðingu listamannsins sem þekktastur er undir listamannsnafninu Stórval. Sýningin er opin alla daga og henni lýkur þann 25. ágúst.

Stórval hefur oft verið kallaður utangarðsmaður í íslenskrri myndlistarsögu en hann nam málalari hjá Hauki Stefánssyni, föðurbróður sínum, málara á Akureyri. Stefán bjó síðan í Möðrudal frá um 1930 til 1941 þegar hann fluttist að Einarstöðum í Vopnafirði.

Sérstakur og naíviskur stíll Stórvals vakti athygli á þessum merkilega listamanni sem átti fjallið



■ Stórval þótti á sinni tíð vera utangarðsmaður í íslenskrri myndlist. Fjallið Herðubreið var hans uppáhalds myndefni.

Herðubreið sem uppáhalds viðfangsefni í myndum sínum. Verkin á sýningunni í menningarhúsinu Hofi eru flest í eigu afkomenda Stefáns en sýningin er haldin af langafabarni Stefáns, Tinnu Stef-

ánsdóttur, í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar og með styrk frá Menningarsjóði Akureyrar.

listasumar.is

lindex.is

Sundbolur
5999,-

LINDEX



Innanlandsflug
frá 7.650 kr.
aðra leiðina



Nýttu tímann og fljúgðu
á vit ævintýrana

Þegar upp er staðið hefur þú meiri orku og rýmri tíma til að gera það sem þig lystir.

airicelandconnect.is

Air Iceland
Connect 